

BREYTINGALÖG

Leiðbeiningar og dæmi

**Skrifstofa Alþingis
Endurskoðað og uppfært 2020**

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	5
ALMENNT	6
BREYTTUR TEXTI	7
Breytt grein	7
Breytt grein ásamt fyrirsögn	10
Breytt málsgrein	11
Ein málsgrein verður tvær	14
Breyttur málsliður	15
Einn málsliður verður tveir (eða fleiri)	16
Breyttur töluliður (staflíður)	17
Breytt tilvísun	18
Breytt orðskýring	18
Breytt orðalag	19
Breytt greinarfyrirsögn	24
Breyttur kafli	25
Breytt kafla- og greinarnúmer	26
Breytt kaflafyrirsögn	28
Breytt lagaheiti	28
Breytt ákvæði til bráðabirgða	29
Breyttur viðauki	30
Breyting á tollskrá	31
VIÐBÓT	33
Ný grein	33
Ný grein með fyrirsögn	34
Tvær (eða fleiri) nýjar greinar bætast við	35
Nýjar greinar með fyrirsögnum og millifyrirsögnum	37
Ný málsgrein	39
Viðbót (orð, hluti málsliðar)	41
Nýr málsliður	42
Nýr töluliður (staflíður)	43
Nýr kafli	45
Nýtt (ný) ákvæði til bráðabirgða	48
Nýjar orðskýringar	51
Nýtt tollskrárnúmer	54
Nýr viðauki	54
BROTTFALL	56
Brottfall greinar (greina)	56
Brottfall greinarfyrirsagnar	56
Brottfall málsgreinar (málsgreina)	57

Brottfall málsliðar (málsliða)	57
Brottfall töluliðar (staflíðar)	58
Orð fellt (felld) brott	58
Brottfall kafla	59
Ákvæði til bráðabirgða fellt brott	60
Brottfall viðauka	60
 MARGÞÆTTAR BREYTINGAR	 61
 BANDORMAR	 63
 HEITI BREYTINGALAGA	 67
Efnisgreiningar breytingalagafrumvarpa	70
 GILDISTÖKUÁKVÆÐI	 71
 ENDURÚTGÁFA LAGA	 75
 ENDURSKOÐUNARÁKVÆÐI	 77
 LETURBREYTINGAR	 78
 SKAMMSTAFANIR	 80
 ANNAÐ	 84
Breyting á öðrum lögum en þeim sem breytt er (afleiðingarbreyting)	84
„Þrátt-fyrir“-ákvæði	86
Sólarlagsákvæði	88
Innleiðingar	89
Sértæk dæmi	92

INNGANGUR

Lagasmið er flókið og vandasamt verk. Í þingsköpum er ekki fjallað nákvæmlega um gerð lagafrumvarpa, aðeins að þau skuli vera „samin með lagasniði“ og að þau skuli prentuð og þeim útbýtt meðal þingmanna á fundi. Hverju frumvarpi skuli „fylgja greinargerð um tilgang þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum“. Enn fremur segir að Alþingi megi ekki „taka við neinu málefni nema einhver þingmanna eða ráðherra taki það að sér til flutnings“. Þótt hugmyndir um breytingar á gildandi lögum eða setningu nýrra laga geti orðið til hjá ýmsum aðilum úti í þjóðfélaginu hafa því aðeins þingmenn og ráðherrar rétt til að leggja fram lagafrumvörp; þingnefnd getur einnig flutt frumvarp. Stjórnarfrumvörp eru oftast unnin af starfsmönnum ráðuneyta en einnig af nefndum, skipuðum af ráðherrum. Eru þá gjarnan fengnir til starfa sérfræðingar í málaflokkum sem um er að ræða og jafnvel ýmsir hagsmunaaðilar sem fá þannig að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og benda á hvaða áhrif lagasetningin geti haft.

Hvað er þá „lagasnið“? Því er ekki auðsvarað. Lagasetning hefur þróast á löngum tíma. Framsetning lagafrumvarpa er í nokkuð föstum skorðum, hefur mótast smám saman, og hefur trúlega alltaf verið leitast við að hafa hana sem skýrasta. Við lagasetningu er mikilvægt að séð verði til þess að sem fæst vafamál komi upp þegar farið er eftir lögnum. Texti verður því umfram allt að vera gagnorður og skýr. Venjur hafa skapast þótt ekki hafi verið mótaðar afdráttarlausar leiðbeiningar.

Lagabreytingar eru gerðar á tvennan hátt, með sérstökum breytingalögum eða sett eru ný lög sem taka þá við af eldri lögum um sama mál. Breytingalagaformið er líklega oftast notað ef aðeins á að breyta fáeinum atriðum; þá er tekið skýrt fram hverju skal breyta, annað stendur að sjálfsögðu óhaggað. Sé lögum gjörbreytt með breytingalögum eða þeim hefur verið breytt oft áður er hægt að setja ákvæði í lögum um að þau lög, sem breytt er, skuli endurútfærin með innfelldum öllum breytingum. Eigi að setja ný heildarlög eru gildandi lög endurskoðuð og gerðar breytingar á ákvæðum sem þörf er talin á að breyta en önnur lätin standa óhögguð.

Meginsjónarmiðin við framsetningu lagafrumvarps eru að texti sé skýr, hnitmiðaður og ótvíræður og að málfarið sé látlaust og viðurkennt en vandað; textinn verður að vera auðskilinn hverjum og einum. Æskilegt er að setningar séu stuttar og segi allt sem segja þarf án þess að hætta sé á misskilningi.

Hér á eftir eru settar fram í stórum dráttum ábendingar um framsetningu breytingalagafrumvarps og dæmi til skýringar.

Guðrún Þóra Guðmannsdóttir.

ALMENNT

Í frumvarpi til breytinga á ákveðnum lögum eru fyrirhugaðar breytingar settar fram í sömu röð og ákvæðin sem breyta á í lögnum. Gjarnan er breyting eða breytingar á einni grein laganna settar fram í hverri grein frumvarpsins. Ef breytingar eru fleiri en ein má skipta greininni upp í stafliði. Séu breytingarnar flóknar er heppilegra að orða greinina upp á nýtt.

Sé ætlunin að breyta mörgum greinum í einum kafla eða kaflanum öllum má taka hann upp í heild í texta frumvarpsins. Breyting á kaflafyrirsögn kemur á eftir breytingum á viðkomandi kafla.

Oft þarf að breyta orði eða orðalagi í fleiri en einni grein og má þá taka allar breytingarnar saman í eina grein og er þá miðað við greinina sem orðið kemur fyrst fyrir í. Eins má fella brott margar greinar í einu.

Eigi að breyta tvennum eða fleiri lögum má gera það með einum breytingalögum, „bandormi“.

Tilgreina skal nákvæmlega hverju skal breyta og hvernig og gæta þess að nýr texti falli rétt inn í lögin sem breyta á. Gæta þarf einnig að stíl laganna þannig að ekki skapist misræmi innan þeirra þegar breytingin er færð inn í þau. Einnig verður að vera samræmi við önnur lög. Oft þarf að breyta millivísunum (í greinar, málsgreinar og liði ýmiss konar) í samræmi við breytingar sem fella á inn í heildarlögin.

Mikilvægt er að fram komi í hverju tilviki hverju er breytt; ef breyting á grein er smávægileg er skýrara að geta aðeins orðanna sem breyta á og hvernig þau breytast en að taka greinina upp í heild breytta. Auðséð er þá hver tilgangurinn með breytingunni er. Óheppilegt getur þó verið að leggja til tvær eða fleiri breytingar á einum og sama málslið; betra er þá að taka hann upp í heild. Ekki er þörf á að geta greinarmerkja á undan og eftir texta sem breyta á eða fella brott.

Allur lagatexti er hafður í framsöguhætti (gagnstætt texta breytingartillagna við frumvörp og þingsályktunartillögur í þinginu).

Uppbygging (beinagrind) breytingalaga.

1. Breytingar á:
 - a. greinum og köflum,
 - b. bráðabirgðaákvæði,
 - c. viðauka,
 - d. lagaheiti.
2. Innleiðing.
3. Gildistaka.
4. Breytingar á öðrum lögum (afleiðingarbreytingar).
5. Bráðabirgðaákvæði í breytingalögnum.

BREYTTUR TEXTI

Breytt grein.

Grein breytist í heild og nýr texti kemur í stað þess sem gildi áður. Í inngangsmálgrein (formsmálgrein) er getið greinarnúmers og t.d. sagt: 1. gr. laganna „orðast svo“; textinn er hafður í framsöguhætti. Tvípunktur er í lok inngangsmálgreinar og síðan greinaskil á undan nýja textanum (efnismálgrein).

Úr lögum nr. 54/2013:

10. gr.

27. gr. laganna orðast svo:

Fjölmíðlum er óheimilt að hvetja til refsiverðrar háttsemi. Einnig er þeim óheimilt að kynda með markvissum hætti undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernis eða menningarlegrar, efnahagslegrar, félagslegrar eða annarrar stöðu í samfélaginu.

Úr lögum nr. 144/2019:

17. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Leiki grunur á að ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim séu brotin er unnt að tilkynna um brot eða miðla gögnum um brot til opinbers eftirlitsaðila. Opinber eftirlitsaðili skal kanna hvort tilkynning sé á rökum reist og grípa til viðeigandi ráðstafana á grundvelli laganna ef þörf er talin á.

Matvælafyrirtæki er óheimilt að láta aðila sem hefur tilkynnt um brot eða miðlað gögnum skv. 1. mgr. sæta óréttlátri meðferð.

Opinber eftirlitsaðili skal gæta leyndar um persónuupplýsingar sem berast um þann sem tilkynnir um brot eða miðlar gögnum skv. 1. mgr. nema viðkomandi veiti afdráttarlaust samþykki sitt.

Úr lögum nr. 152/2019:

65. gr. A laganna orðast svo:

Eftirtaldar vörur sem falla undir viðauka IVA, IVB og V við tollalög bera toll skv. 3. mgr.

12. gr. tollalaga, nr. 88/2005, á þeim tímabilum sem kveðið er á um í eftirfarandi upptalningu:

1. Vörur með tollskrárnúmerunum 0208.9003, 0208.9007, 0208.9008, 0208.9009, 0407.1100, 0407.1900, 0603.1202, 0603.1905, 0701.9001, 0703.9001, 0706.9002 og 0709.5100 frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.
2. Vörur með tollskrárnúmerunum 0704.1000 og 0709.4000 frá 1. janúar til 15. ágúst og 15. október til 31. desember ár hvert.

...

Hafi grein verið breytt áður má vísa í þá breytingu til að enginn ruglingur verði (t.d. „3. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. ..., orðast svo“). Minni þörf er á þessu nú þegar lagasafnið er uppfært nær samtímis og breytingar má auðveldlega rekja þar. Helst er þörf á slíku þegar breyta á lagaákvæði sem hefur nýlega verið breytt og sú breyting hefur ekki verið birt í lagasafninu.

Nýju ákvæði til bráðabirgða (XXXIII) var bætt við lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með 7. gr. laga nr. 25/2020 sem tóku gildi 1. apríl 2020.

Þessu ákvæði var breytt með lögum nr. 37/2020, en þá höfðu fyrirnefnd lög ekki verið birt í Stjórnartíðindum og ekki fengið Stjórnartíðindanúmer:

Úr lögum nr. 37/2020:

III. KAFLI

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

3. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða XXXIII í lögnum, sbr. a-lið 7. gr. laga nr. 25/2020, bætist ný málsgrein er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. nær á viðkomandi tímabili jafnframt til annars húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga, enda sé húsnæðið skráð í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.

Úr lögum nr. 151/1994:

1. gr.

67. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 49/1987, orðast svo:

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 4% af tekjum umfram 75.000 kr. og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

Fyrir kemur að greinar séu fluttar á nýjan stað í lögum:

Úr lögum nr. 85/2012:

23. gr.

7. mgr. 62. gr. laganna flyst og verður ný grein á eftir 62. gr.

...

26. gr.

82. gr. laganna, um útvarp umræðu, flyst og kemur á eftir 59. gr. í lok kaflans „Eftirlitsstörf Alþingis og almennar umræður“. Jafnframt fellur brott fyrirsögn og númer VII. kafla og breytast númer annarra kafla laganna samkvæmt því.

Breytist grein með málsgreinarnúmerum fylgja númerin með. Örfá lög í laga-
safninu eru með númeruðum málsgreinum, raunar aðeins fern, þ.e. lög um með-
ferð einkamála, nr. 91/1991, lögreglulög, nr. 90/1996, lögræðislög, nr. 71/1997,
og lög um samningsveð, nr. 75/1997.

Úr lögum nr. 36/1999:

7. gr.

38. gr. laganna orðast svo:

1. Dómara eða lögreglu ber þegar skylt er eða heimilt að skipa eða tilnefna sakborningi verjanda að vekja athygli hans á þeim rétti.
2. Áður en verjandi er skipaður eða tilnefndur skal gefa sakborningi eða lögráðamanni hans, ef sakborningur er ekki sjálfráða, kost á að benda á löghæfan mann til að fara með starf verjanda. Við skipun eða tilnefningu verjanda skal að jafnaði fara eftir ósk sakbornings eða lögráðamanns. Þó getur dómari eða lögregla neitað að skipa eða tilnefna þann verjanda sem óskað er eftir ef uggvænt þykir að hann muni hindra rannsókn málsins á ólögmetan hátt.
3. Nú eru fleiri en einn maður hafðir fyrir sökum í sama máli og er þá heimilt að skipa eða tilnefna sama mann verjanda beggja eða allra ef telja má að hagsmunir þeirra rekist ekki á.

Breytt grein ásamt fyrirsögn.

Sé grein orðuð upp á nýtt en greinarfyrirsögnin á að haldast óbreytt þarf ekki að taka hana upp. Fyrirsögnin stendur þá óbreytt í lögnum. Greinarfyrirsögn tilheyrir ekki greininni; er eins konar efnisgreining.

Úr lögum nr. 58/2019:

6. gr.

34. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Umhverfisupplýsingar.

Rekstraraðili atvinnurekstrar, sbr. viðauka I–IV, sem hefur í för með sér losun mengandi efna skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá hverri starfsstöð með rafrænum hætti eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr. Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun skal hafa á vefsvæði sínu upplýsingar um Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna, sbr. reglugerð um útstreymisbókhald.

Úr lögum nr. 12/2013:

6. gr.

44. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Markaðssetning erlendra verðbréfasjóða með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi.

Erlendum verðbréfasjóði með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er heimilt að markaðssetja skirteini sin hér á landi eftir að Fjármálaeftirlitið hefur staðfest móttöku tilkynningar um fyrirhugaða starfsemi frá lögbærum eftirlitsaðila heimaríkis verðbréfasjóðsins.

...

Í eftirfarandi dæmi ber greinin sem breytt er fyrirsögnina *Þagnarskylda*. Fyrirsögnin breytist ekki og þá er hennar ekki getið:

Úr lögum nr. 91/2019:

7. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Þeir sem annast framkvæmd laga þessara eru bundnir þagnarskyldu samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands.

Breytt málsgrein.

Málsgrein breytist í heild og kemur þá nýr texti í stað þess sem í gildi var. Í inngangsmálsgrein er tiltekin málsgrein og grein og sagt t.d.: „1. mgr. 1. gr. orðast svo.“ Texti inngangsmálsgreinar er alltaf í framsöguhátt. Þá kemur tvípunktur og greinaskil, málsgreinin er síðan tekin upp í heild, breytt.

Úr lögum nr. 15/2013:

8. gr.

1.–3. mgr. 215. gr. laganna orðast svo:

Endurupptökunefnd samkvæmt lögum um dómstóla getur leyft samkvæmt beiðni að mál sem dæmt hefur verið í Hæstarétti verði tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu að nýju ef fullnægt er þeim skilyrðum sem greinir í 211. gr.

Um beiðni um endurupptöku máls sem dæmt hefur verið í Hæstarétti og meðferð hennar gilda ákvæði 212. og 213. gr. eftir því sem við á.

Endurupptökunefnd tekur ákvörðun um hvort mál verði endurupptekið og gilda ákvæði 1. mgr. 214. gr. um þá ákvörðun.

...

11. gr.

1. mgr. 169. gr. laganna orðast svo:

Endurupptökunefnd samkvæmt lögum um dómstóla getur leyft samkvæmt umsókn aðila að mál sem dæmt hefur verið í Hæstarétti verði tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu að nýju ef fullnægt er þeim skilyrðum sem greinir í 167. gr.

Úr lögum nr. 21/2020:

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. b laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Neytendastofa leitast við að hafa áhrif á háttsemi fyrirtækja með útgáfu leiðbeinandi reglna um góða viðskiptahætti á nánar afmörkuðum sviðum viðskipta sem talin eru mikilvæg fyrir hagsmuni neytenda. Neytendastofa skal ráðgast við hlutaðeigandi samtök neytenda og fyrirtækja áður en slíkar reglur eru settar.

b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Neytendastofu er heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál skv. 2. mgr. enda sé hætt á að háttsemin skaði verulega heildarhagsmuni neytenda.

Bráðabirgðaákvörðun skal gilda í tiltekinn tíma og má endurnýja hana ef það er talið nauðsynlegt.

Úr lögum nr. 39/2020:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um tegundir endurnýjanlegs eldsneytis sem telja má tvöfalt á við sama magn annars endurnýjanlegs eldsneytis til að uppfylla skilyrði 1. mgr.

b. 5. mgr. fellur brott.

Breytist málsgrein með málsgreinarnúmeri fylgir númerið með. Örfá lög í lagasafninu eru með númeruðum málsgreinum, raunar aðeins fern, þ.e. lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991, lögreglulög, nr. 90/1996, lögræðislög, nr. 71/1997, og lög um sammingsveð, nr. 75/1997.

Úr lögum nr. 37/1994:

4. gr.

3. og 4. mgr. 133. gr. laganna orðast svo:

3. Ákærði skal kvaddur til að vera viðstaddur uppsögu héraðsdóms sé þess kostur. Sæki hann þing telst dómur þá birtur fyrir honum, en annars lætur ákærandi birta dóm skv. 20. gr.

4. Endurrit af dómi skal að öðru jöfnu vera til reiðu við dómsuppsögu, en að öðrum kosti ekki síðar en viku eftir þann tíma.

Úr lögum nr. 36/1999:

10. gr.

2. mgr. 41. gr. laganna orðast svo:

2. Verjandi skal sjálfur sinna starfsskyldum sínum, þar á meðal annast flutning máls. Honum er þó heimilt að láta fulltrúa sinn eða annan lögmann vera viðstaddan skýrslutökur og rannsóknarathafnir, svo og sækja einstök þinghöld fyrir sína hönd, meðan á rannsókn máls eða meðferð stendur.

Hafi grein verið breytt áður má vísa í þá breytingu svo að ótvírætt sé hvaða texta er verið að breyta. Minni þörf er á þessu nú þegar lagasafnið er uppfært nær samtímis og breytingar má auðveldlega rekja þar. Einna helst er þörf á þessu þegar lög in sem breyta á hafa ekki verið uppfærð í lagasafninu, sjá bls. 8.

Nýju ákvæði til bráðabirgða (XXXIII) var bætt við lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með 7. gr. laga nr. 25/2020 sem tóku gildi 1. apríl 2020.

Þessu ákvæði var breytt með lögum nr. 37/2020, en þá höfðu fyrrnefnd lög ekki verið birt í Stjórnartíðindum og ekki fengið Stjórnartíðindanúmer:

Úr lögum nr. 37/2020:

III. KAFLI

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

3. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða XXXIII í lögnum, sbr. a-lið 7. gr. laga nr. 25/2020, bætist ný málsgrein er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. nær á viðkomandi tímabili jafnframt til annars húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga, enda sé húsnæðið skráð í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.

Úr lögum nr. 151/1994:

1. gr.

2. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 49/1987, orðast svo:

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 4% af tekjum umfram 75.000 kr. og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

Ein málsgrein verður tvær eða fleiri.

Taka þarf skýrt fram ef tvær eða fleiri málsgreinar skulu koma í stað einnar í gildandi lögum. Varast ber að segja að ákveðin málsgrein orðist svo og tilgreina svo nokkrar málsgreinar. Athuga þarf afleiðingar af slíku, hafa þarf gát á milli-vísunum í lögnum sem breytt er.

Úr lögum nr. 131/1994:

3. gr.

Í stað 4. mgr. 30. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Lyfjaheildsölum er heimilt að selja lyf lyfsölu leyfishöfum, stofnunum sem hafa lyfjafræðing í þjónustu sinni og reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum, læknum og tannlæknum til notkunar á eigin stofum eða í sjúkra vitjunum og þeim tilraunastofum sem vinna að rannsóknum lyfja. Kostnaður lækna og tannlækna vegna slíkra lyfjakaupa fellur undir rekstrarkostnað.

Lyfjaheildsölum er jafnframt heimilt að selja dýralæknum dýralyf til notkunar á eigin stofum eða í vitjunum og til sölu frá starfsstofu sinni. Ráðherra skal, í samráði við yfirdýralækni, setja reglugerð þar sem kveðið er á um hvaða lyf dýralækna mega selja og hvaða lyf þeir mega eingöngu sjálfir gefa dýrum. Jafnframt skal þar kveðið á um hvaða upplýsingar skuli fylgja lyfjum sem gefin eru dýrum hverra afurðir eru ætlaðar til manneldis og hvaða skýrslur ber að halda um sölu dýralyfja, sbr. 24. gr.

Úr lögum nr. 14/2013:

2. gr.

...

c. Í stað 3. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hafi ársreikningur verið endurskoðaður skal ársreikningurinn og áritun endurskoðanda mynda eina heild.

Hafi skoðunarmaður yfirfarið ársreikninginn skal undirritun hans og dagsetning vera fylgiskjal með ársreikningi.

Ársreikningurinn skal lagður fram í samræmi við samþykktir félagsins en í síðasta lagi viku fyrir aðalfund.

Breyttur málsliður.

Málsliður (eða málsliðir) breytist í heild; nýr texti kemur í stað þess sem í gildi var. Vísað er nákvæmlega í gildandi lög (tiltekinn málsliður, málsgrein og grein) og tiltekið að málsliðurinn orðist svo; tvípunktur á eftir; textinn kemur síðan í beinu framhaldi (ekki greinaskil). Séu tveir málsliðir í grein eða málsgrein nefnast þeir ekki fyrri og síðari málsliður, heldur 1. og 2. másl.

Úr lögum nr. 21/2020:

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 18. gr. laganna:

- a. 1. másl. orðast svo: Lyfjastofnun getur krafist einstaklinga, lögaðila og stofnanir um skriflegar upplýsingar og gögn vegna ætlaðra brota á ákvæðum 13.–17. gr., án tillits til þagnarskyldu, og skulu þau veitt innan hæfilegs frests sem Lyfjastofnun setur.
- b. Á eftir orðinu „varðveitt“ í 2. másl. kemur: og lagt hald á gögn.

Úr lögum nr. 137/1994:

26. gr.

2. másl. 3. mgr. 27. gr. laganna orðast svo: Ef vika á frá áskriftarrétti hluthafa skal gera grein fyrir ástæðum, svo og rökstyðja tillögur um áskriftargengi.

Úr lögum nr. 9/1995:

1. gr.

2. másl. 2. gr. laganna orðast svo: Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.

Einn málsliður verður tveir (eða fleiri).

Taka þarf skýrt fram ef tveir eða fleiri málsliðir skulu koma í stað eins í gildandi lögum. Varast ber að segja að ákveðinn málsliður orðist svo og tilgreina svo nokkra málsliði.

Úr lögum nr. 78/2010:

3. gr.

Í stað 1. másl. 14. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Skylt er að veita Seðlabankanum allar þær upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti sem hann kann að óska eftir til að hann geti sinnt nauðsynlegu eftirliti, að viðlögðum dagsektum skv. 15. gr. h. Að sama skapi ber að veita bankanum allar nauðsynlegar upplýsingar til hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands.

Úr lögum nr. 84/2019:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Í stað 2. másl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að framselja stjórnisluvald samkvæmt lögum þessum til stjórnvalds. Þá er heimilt, með samningi, að fela aðila utan stjórnisluvaldar framkvæmd eftirlits.
- b. 2. másl. 2. mgr. fellur brott.

Breyttur töluliður (staflíður).

Töluliður (staflíður) breytist í heild; nýr texti kemur í stað þess sem í gildi var. Númer töluliðar er tilgreint, svo og númer málsgreinar og greinar; tvípunktur á eftir. Texti töluliðarins kemur þá í beinu framhaldi (engin greinaskil). Ef tveimur eða fleiri liðum er breytt eru þeir settir upp eins og í lögnum, þ.e. með númeri og inndrætti; þá koma greinaskil á eftir tvípunkti.

Úr lögum nr. 46/1995:

1. gr.

7. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Póstþjónusta sem opinber aðili hefur einkaleyfi á, samkvæmt póstlögum, nr. 33/1986. Undanþágan nær einnig til viðtöku og dreifingar á öðrum árituðum bréfaþóstsendingum, þar með talin póstkort, blöð og tímarit, og til almennra dreifisendinga og opinna bréfa.

Úr lögum nr. 159/2012:

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 1. tölul. orðast svo: *Kerfi*: Greiðslukerfi og verðbréfauppgjörskerfi sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:
 - a. Þátttakendur eru þrír eða fleiri, að undanskildum kerfisstjóra þess kerfis, mögulegum uppgjörsaðila, milligönguaðila, greiðsluþjófnaðarstöð og óbeinum þátttakanda.
 - b. Í gildi eru sameiginlegar reglur og staðlað fyrirkomulag við úrvinnslu og framkvæmd fyrirmæla, hvort sem er fyrir tilstilli milligönguaðila eða milli þátttakenda.
 - c. Þátttakendur hafa komið sér saman um að íslensk lög skuli gilda um kerfið, enda hafi a.m.k. einn þátttakendanna aðalskrifstofu sína hér á landi.
 - d. Kerfið fullnægir lagaskilyrðum og hefur verið tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), sbr. 2. mgr. 3. gr.
 - b. 2. tölul. orðast svo: *Stofnun*: Eftirtaldir aðilar sem taka þátt í kerfi og bera ábyrgð á framkvæmd fyrirmæla innan þess:
 - a. Fjármálafyrirtæki sem hlotið hafa starfsleyfi skv. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
 - b. Seðlabanki Íslands, Íbúðalánasjóður eða stofnun með ríkisábyrgð.
 - c. Fyrirtæki með höfuðstöðvar utan Evrópska efnahagssvæðisins er annast sams konar starfsemi og fjármálafyrirtæki skv. a-lið.
- ...

Úr lögum nr. 54/2013:

3. gr.

A-liður 1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: útsendingin brýtur augljóslega, verulega og alvarlega gegn banni um að kynda undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, trúarbragða eða þjóðernis og gegn ákvæðum 28. gr.

Breytt tilvísun.

Hafi númer greinar eða málsgreinar (eða kafla) breyst þarf að breyta tilvísunum í þá grein (málsgrein, kafla) annars staðar í lögum. Gæta verður þess að séu málsgreinar eða greinar felldar brott standa þær eftir tómar í lagasafni nema annars sé getið. Nýjar greinar fá oft númer sem riðla ekki greinatölu, þ.e. 10. gr. a, 10. gr. b o.s.frv. Sama gildir um kaflanúmer, þ.e. X. kafli A o.s.frv. Málsgreinar eru alla jafna ekki númeraðar, þannig að hafa verður sérstakar gætur á mögulegum afleiðingum breytinga.

Úr lögum nr. 35/1995:

1. gr.

Í stað „11. gr.“ í 2. gr. laganna kemur: 10. gr.

Úr lögum nr. 137/2012:

2. gr.

Í stað orðanna „4. gr.“ í 1. másl. 1. mgr., 1. másl. 2. mgr. og 2. másl. 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: 7. gr.

Breytt orðskýring.

Þess skal gætt að nota sömu leturgerð og notuð er í lögum (í Stjórnartíðindum) sem breyta skal (skáletrun, feitletrun). Einnig þarf að gæta að orðalagi og sniði greinarinnar, að breytingin falli að því. Orðskýringar eru yfirleitt númeraðar, töluliðir, ekki málsgreinar. Slíkt sést þó í eldri lögum. Töluliðir auðvelda millivísanir og breytingar.

Úr lögum nr. 54/2013:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 3. tölul. orðast svo: *Ábyrgðarmaður* er starfsmaður fjölmiðils sem ber ritstjórnarlega ábyrgð á efni og efnisvali og ákvarðar hvernig það er skipulagt, t.d. ritstjóri, dagskrárstjóri eða útvarpsstjóri. Ef fjölmiðlaveita er einstaklingur telst sá einstaklingur sjálfkrafa ábyrgðarmaður.
- b. 9. tölul. orðast svo: *Evrópskt efni* er það hljóð- og myndmiðlunarefni sem fellur undir n-lið 1. tölul. 1. gr. og 2., 3. og 4. tölul. sömu greinar tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB frá 10. mars 2010 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórn-sýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlaþjónustu.

Úr lögum nr. 159/2012:

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 1. tölul. orðast svo: *Kerfi*: Greiðslukerfi og verðbréfauppgjörskerfi sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:
 - a. Þátttakendur eru þrír eða fleiri, að undanskildum kerfisstjóra þess kerfis, mögulegum uppgjörsaðila, milligönguaðila, greiðsluöfnunarstöð og óbeinum þátttakanda.
 - b. Í gildi eru sameiginlegar reglur og staðlað fyrirkomulag við úrvinnslu og framkvæmd fyrirmæla, hvort sem er fyrir tilstilli milligönguaðila eða milli þátttakenda.
 - c. Þátttakendur hafa komið sér saman um að íslensk lög skuli gilda um kerfið, enda hafi a.m.k. einn þátttakendanna aðalskrifstofu sína hér á landi.
 - d. Kerfið fullnægir lagaskilyrðum og hefur verið tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), sbr. 2. mgr. 3. gr.
- b. 2. tölul. orðast svo: *Stofnun*: Eftirtaldir aðilar sem taka þátt í kerfi og bera ábyrgð á framkvæmd fyrirmæla innan þess:
 - a. Fjármálafyrirtæki sem hlotið hafa starfsleyfi skv. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
 - b. Seðlabanki Íslands, Íbúðalánasjóður eða stofnun með ríkisábyrgð.
 - c. Fyrirtæki með höfuðstöðvar utan Evrópska efnahagssvæðisins er annast sams konar starfsemi og fjármálafyrirtæki skv. a-lið.

Breytt orðalag.

Einu eða fleiri orðum (jafnvel orðhluta) innan greinar (málgreinar, liðar o.s.frv.) er breytt. Þá skal tilgreina sem nákvæmast hverju á að breyta (innan gæsalappa) og hvar (í hvaða málslið, tölulið, málgrein eða grein) og síðan, á eftir tvípunkti, hver breytingin er (hvað skal koma í staðinn). Ef breyta á sama málslið oftast en einu sinni er betra að taka liðinn upp í heild, nema hann sé mjög langur. Ef orð sem skipta á út kemur fyrir tví- eða þrívegis í sama málslið eða málgrein þarf að geta þess. Framsöguháttur er notaður.

Úr lögum nr. 43/2020:

1. gr.

Á undan orðunum „í a.m.k. 5 km fjarlægð“ í 19. tölul. 5. gr. laganna kemur: að jafnaði.

Úr lögum nr. 146/2019:

1. gr.

Í stað ártalsins „2019“ í ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: 2020.

Úr lögum nr. 117/2019:

1. gr.

Í stað orðanna „stjórn Fjármálaeftirlitsins“ í 1. og 2. másl. 2. mgr. 19. gr. og 1. másl. 6. mgr. 20. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Fjármálaeftirlitið.

2. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaeftirlitið“ í 5. mgr. 12. gr., 3. mgr. 16. gr., 5. mgr. 22. gr., 2. mgr. 32. gr. og 3. másl. 49. gr. laganna kemur: Seðlabanki Íslands.

Úr lögum nr. 32/2019:

3. gr.

- a. Í stað „Einkaleyfastofunnar“ í 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 30. gr., 3. mgr. 31. gr., 35. gr., 1. mgr. 45. gr., 3. mgr. 51. gr., 1. mgr., tvívegis í 2. mgr. og 3. mgr. 53. gr. og 1. mgr. 56. gr. laganna kemur: Hugverkastofunnar.
- b. Í stað „Einkaleyfastofan“ í 1. og 2. mgr. 17. gr., 2. og 3. másl. 1. mgr. 18. gr., 1. mgr. og tvívegis í 4. mgr. 19. gr., 1. mgr. 20. gr., 3. og 4. mgr. 24. gr., 1., 3. og 4. mgr. 27. gr., 1. mgr. 28. gr., 2. mgr. 29. gr., 1. og 2. mgr. 30. gr., 2. mgr. 31. gr., 2. mgr. 32. gr., 1. og 2. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 33. gr., 1. mgr. 34. gr., tvívegis í 1. mgr. 48. gr. og 1. og 2. mgr. 56. gr. laganna kemur: Hugverkastofan.
- c. Í stað „Einkaleyfastofunni“ í 1. og 2. mgr. 24. gr., 1. mgr. 29. gr., 1. mgr. 36. gr., 1. mgr. 44. gr., 46. gr., 1. mgr. 52. gr., 1. og 2. mgr. 55. gr. og 2. mgr. 57. gr. laganna kemur: Hugverkastofunni.
- d. Í stað „Einkaleyfastofuna“ í 1. mgr. 33. gr. laganna kemur: Hugverkastofuna.

Úr lögum nr. 133/2012:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða II í lögunum:

- e. Í stað ártalsins „2013“ tvisvar sinnum kemur: 2018.
- f. Í stað ártalsins „2012“ kemur: 2017.

Úr lögum nr. 137/1994:

11. gr.

Í stað orðanna „sem um ræðir í stofnsamningi“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: sem fylgja stofnsamningi.

Úr lögum nr. 28/1995:

9. gr.

Í stað orðanna „innan fjögurra vikna“ í 3. másl. 32. gr. laganna kemur: innan 30 daga.

Dæmi um tvær eða fleiri skyldar breytingar í sömu grein, málsgrein eða málslíð:

Úr lögum nr. 99/1996:

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnuninni“ kemur: samgönguráðherra.
- b. Í stað orðanna „henni“ og „hún“ kemur: honum; og: hann.

Úr lögum nr. 132/2012:

1. gr.

- ...
 - i. Í stað „0,011%“, „1.140.000 kr.“, „1.720.000 kr.“, „3.000.000 kr.“, „5.580.000 kr.“ og „6.470.000 kr.“ í 9. tölul. 1. mgr. kemur: 0,0114%; 1.200.000 kr.; 1.930.000 kr.; 3.370.000 kr.; 6.260.000 kr.; og: 7.260.000 kr.

Ef breyta á tölum (fjárhæðum) má tilgreina töluna og það sem koma á í staðinn en betra er að láta nánari skilgreiningu á tölunni fylgja (prósentur/hlutfallstala, fjárhæð, ártal o.s.frv.).

Úr lögum nr. 34/2020:

3. gr.

Í stað ártalsins „2015“ í lokamálslið 8. gr. laganna kemur: 2024.

Úr lögum nr. 139/1994:

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. júlí 1994“ í 2. mgr. 100. gr. laganna kemur: 1. júlí 1995.

Úr lögum nr. 153/1994:

1. gr.

Í stað ártalsins „1993“ í 2. málsl. ákvæðis til bráðabirgða kemur: 1994.

Úr lögum nr. 17/1995:

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „45%“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: 36%.

Úr lögum nr. 42/2012:

8. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „15.000 evrum“ í 1. mgr. 162. gr. laganna kemur: 10.000 evrum.

Úr lögum nr. 14/2013:

23. gr.

- a. Orðin „á reikningsskiladegi“ í 1. og 2. mgr. falla brott.
- b. Í stað fjárhæðanna „575.000.000 kr.“ og „1.150.000.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 862.500.000 kr.; og: 1.725.000.000 kr.

Úr lögum nr. 113/2012:

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2013“ í 9. mgr. 57. gr. laganna kemur: 1. janúar 2014.

Ef breyta á greinar- eða málsgreinarnúmeri er skýrara að tiltaka ekki aðeins númerið heldur líka það sem númerið á við.

Úr lögum nr. 10/2020:

2. gr.

Í stað „7. mgr.“ í 9. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: 8. mgr.

Úr lögum nr. 33/2020:

1. gr.

Á eftir tilvísuninni „5. tölul.“ í 5. tölul. 4. gr. laganna kemur: 1. mgr.

3. gr.

Tilvísunin „2. mgr.“ í 2. mgr. 3. tölul. 31. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. október“ í 2. másl. 6. mgr. 51. gr. laganna kemur: 1. nóvember.

Úr lögum nr. 35/1995:

1. gr.

Í stað „11. gr.“ í 2. gr. laganna kemur: 10. gr.

Úr lögum nr. 137/2012:

2. gr.

Í stað orðanna „4. gr.“ í 1. másl. 1. mgr., 1. másl. 2. mgr. og 2. másl. 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: 7. gr.

Ef breyta á sama orðalagi í fleiri en einni grein í lögum má gera það í einu lagi; miða skal fyrirmælin við fyrsta skiptið sem orðið (orðin) kemur fyrir í lögnum.

Úr lögum nr. 59/2013:

4. gr.

- a. Í stað orðsins „Siglingastofnun“ í 4. mgr. 1. gr., 3. mgr. 4. gr., 2. mgr. 5. gr., 1., 2. og 5. mgr. 6. gr., 4. mgr. 9. gr., 2. mgr. 10. gr., 1. og 2. mgr. 12. gr., tvívegis í 1. mgr. og 2. mgr. 13. gr., 14. gr., tvívegis í 3. mgr. 15. gr., 16. gr. og 17. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.
- b. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ tvívegis í 1. mgr., 2. og 5. mgr. 1. gr. a og 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Samgöngustofa.
- c. Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í b-lið 4. mgr. 1. gr. a laganna kemur: Samgöngustofu.
- d. Í stað orðsins „Siglingastofnunar“ í 5. mgr. 1. gr. a og 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- e. Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í 2. og 3. mgr. 3. gr., 2. mgr. 5. gr., 3. og 6. mgr. 6. gr., 7. gr., 2. mgr. 15. gr., tvívegis í 1. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: forstjóri Samgöngustofu.
- f. Í stað orðsins „siglingamálastjóra“ í 6. mgr. 9. gr., 2. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 19. gr. laganna kemur: forstjóra Samgöngustofu.

Úr lögum nr. 139/2012:

3. gr.

Í stað tilvísunarinnar „8. gr.“ í a- og b-lið 10. gr., c-, d- og e-lið 11. gr., 2. mgr. 12. gr., 1. mgr. 13. gr. og 1. og 2. mgr. 13. gr. a laganna kemur: 8. gr. a.

Breytt greinarfyrirsögn.

Eigi að breyta greinarfyrirsögnum þarf að gæta þess að leturgerð (skáletur, feit-letrun) sé sú sama og í upphaflegu lögunum (í Stjórnartíðindum). Verði fleiri en ein breyting á grein kemur breytingin á fyrirsögn hennar síðast.

Úr lögum nr. 37/2019:

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „samningsviðræðum“ í 1. og 2. mgr. kemur: samkeppnisviðræðum.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Frestir í lokuðu útboði, samkeppnisútboði, samkeppnisviðræðum og nýsköpunarsamstarfi.*

Úr lögum nr. 149/2012:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „vísindarannsóknir“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: og rannsóknartengt framhaldsnám.
- b. Á eftir orðinu „sjóðurinn“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: nemendur í rannsóknartengdu framhaldsnámi og.
- c. Í stað 1. másl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Hlutverk Innviðasjóðs er að byggja upp rannsóknarinnviði á Íslandi. Innviðasjóður veitir styrki til kaupa á tækjum, gagnagrunnum og hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í rannsóknum.
- d. Í stað orðsins „Tækjasjóði“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: Innviðasjóði.
- e. 3. mgr. fellur brott.
- f. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Rannsóknasjóður og Innviðasjóður.*

Dæmi um breytta fyrirsögn á undan grein:

Úr lögum nr. 6/2013:

14. gr.

...

2. *Hjúskaparlög, nr. 31/1993, með síðari breytingum.*
 1. Á eftir orðunum „forstöðumanni skráðs trúfélags“ í 16. gr. laganna kemur: eða lífsskoðunarfélags eða fyrir einstaklingi sem starfar í umboði forstöðumanns skráðs trúfélags eða lífsskoðunarfélags.
 2. 1. og 2. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Kirkjulega hjónavígslu annast prestar þjóðkirkjunnar og prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga hér á landi. Hjónavígslu, sem er ekki kirkjuleg eða borgaraleg, annast forstöðumenn skráðra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga hér á landi. Prestar og for-

stöðumenn skráðra trúfélaga eða lífsskoðunarfélaga skulu hafa fengið löggildingu ráðuneytisins.

Þá er þeim einstaklingum sem starfa í umboði forstöðumanna skráðra trúfélaga eða lífsskoðunarfélaga og fengið hafa löggildingu ráðuneytisins og uppfylla skilyrði 7. gr. laga um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög einnig heimilt að annast hjónavígslu.

3. Fyrirsögn á undan 17. gr. laganna orðast svo: *2. Prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga.*

...

Breyttur kafli.

Kaflanúmer breytist ekki en fyrirsögn hans breytist og greinarnar innan hans.

Úr lögum nr. 86/2019:

2. gr.

II. kafli laganna, sem hefur fyrirsögnina **Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og aðlögun að loftslagsbreytingum**, orðast svo:

- a. (5. gr.)

Aðgerðaáætlun.

Ráðherra lætur gera aðgerðaáætlun í loftslagsmálum þar sem setja skal fram aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu hér á landi. Í aðgerðaáætluninni skal koma fram mat á áætluðum kostnaði ásamt mati á loftslagsávinningi af framkvæmd aðgerðanna sem þar eru lagðar til.

Aðgerðaáætlunina skal endurskoða eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti, að teknu tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga og yfirlýstra markmiða stjórnvalda. Við gerð hennar skal hafa samráð við hagsmunaaðila.

...

- b. (5. gr. a.)

Aðlögun að loftslagsbreytingum.

Ráðherra lætur vinna áætlun um aðlögun islensks samfélags að loftslagsbreytingum og setur reglugerð um gerð og eftirfylgni hennar.

Úr lögum nr. 85/2006:

1. gr.

IV. kafli laganna, sem hefur fyrirsögnina **Reglur um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll**, orðast svo:

- a. (17. gr.)

Kauphallaraðilar sækja um opinbera skráningu verðbréfa í viðskiptakerfi kauphallarinnar fyrir hönd útgefenda nema stjórn hennar samþykki annað. Skráning er háð samþykki stjórnar

kauphallar sem setur nánari reglur um verðbréf sem tekin eru til opinberrar skráningar. Áður en stjórn kauphallar samþykkir fyrir sitt leyti reglur um opinbera skráningu verðbréfa skal hún leita umsagnar um þær hjá Fjármálaeftirlitinu. Reglur, sem kauphöll setur um opinbera skráningu verðbréfa, skulu uppfylla ákvæði laga þessara og reglugerðar sem ráðherra setur á grundvelli þeirra. Reglur um opinbera skráningu verðbréfa skulu fela í sér skilyrði fyrir upptöku viðskipta og skráningar, svo sem:

1. að lögð sé fram skráningarlýsing útgefanda,
2. um stærð og dreifingu hvers flokks, svo og önnur atriði sem stjórn telur að geti skipt máli fyrir markaðshæfi verðbréfa,
3. að birtar séu við skráningu og eftirleiðis upplýsingar um hvern verðbréfaflokk og útgefanda hans sem máli skipta varðandi mat á verðmæti bréfanna samkvæmt reglum sem stjórnin setur.

...

b. (18. gr.)

Niðurfelling skráningar og tímabundin stöðvun viðskipta.

Stjórninni er skylt að fella af skrá þau verðbréf sem að hennar mati uppfylla ekki skilyrði laga þessara og reglna settra af stjórninni eða skilyrða skráningu verðbréfanna. Jafnframt er henni heimilt að fella tímabundið niður skráningu einstakra verðbréfaflokka ef ástæða þykir til.

...

Breytt kafla- og greinarnúmer.

Úr lögum nr. 61/2012:

2. gr.

1. gr. laganna verður 1. gr. a; og í stað tilvísunarinnar „1. gr.“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur:
1. gr. a.

3. gr.

I. kafli laganna verður I. kafli A.

Úr lögum nr. 38/1994:

23. gr.

159.–169. gr. laganna verða 170.–180. gr. Þá verða XXVII. og XXVIII. kafli laganna XXVIII. og XIX. kafli.

Úr lögum nr. 37/2014:

7. gr.

Á eftir 7. gr. j laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, **Reglur um áburð**, með fimm nýjum greinum, 7. gr. k – 7. gr. o, svohljóðandi, og breytast önnur kaflanúmer samkvæmt því:

Úr lögum nr. 66/2017:

7. gr.

Í stað 5. gr. a og 6. gr. laganna koma fjórir nýir kaflar, II. kafli, **Starfsleyfi**, með þrettán nýjum greinum, 6.–18. gr., III. kafli, **Sérákvæði fyrir brennsluver**, með sjö nýjum greinum, 19.–25. gr., IV. kafli, **Sérákvæði fyrir starfsemi sem notast við lífræna leysa**, með fimm nýjum greinum, 26.–30. gr., og V. kafli, **Sérákvæði um stöðvar sem framleiða titandíoxíð**, með tveimur nýjum greinum, 31. og 32. gr., ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi: ...

8. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur nýr kafli, VI. kafli, **Sérákvæði fyrir atvinnurekstur vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis**, með einni grein, 6. gr. a laganna, sem verður 33. gr. og fær fyrirsögn, svohljóðandi: **Rannsóknir og vinnsla kolvetnis**.

9. gr.

Á eftir 6. gr. a laganna kemur nýr kafli, VII. kafli, **Grænt bókhald**, með einni grein, 6. gr. b laganna, sem verður 34. gr. og orðast svo, ásamt fyrirsögn: ...

34. gr.

IV. kafli laganna verður XV. kafli og breytast númer kafla samkvæmt því.

35. gr.

25. gr. laganna, sem verður 59. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Samþykktir*.

Úr lögum nr. 85/2012:

23. gr.

7. mgr. 62. gr. laganna flyst og verður ný grein á eftir 62. gr.

...

26. gr.

82. gr. laganna, um útvarp umræðu, flyst og kemur á eftir 59. gr. í lok kaflans „Eftirlitsstörf Alþingis og almennar umræður“. Jafnframt fellur brott fyrirsögn og númer VII. kafla og breytast númer annarra kafla laganna samkvæmt því.

Í þeim tilgangi að draga úr breytingum á millivísunum (innan laga og milli laga) fá nýjar greinar oftast númer sem riðla ekki greinatölu, þ.e. 10. gr. a, 10. gr. b o.s.frv. Sama gildir um kaflanúmer, þ.e. X. kafli A o.s.frv. Þó er slíkt e.t.v. óþarfi ef löggin eru stutt eða ef breytingin verður í lok laganna. Sjá bls. 33, 36 og 45.

Breytt kaflafyrirsögn.

Breytist kaflafyrirsögn er sú breyting tiltekin eftir að breytinga á greinum kaflans er getið.

Eigi að breyta kaflafyrirsögnum þarf að gæta þess að þær séu feitletraðar eins og í upphaflegu lögunum (í Stjórnartíðindum).

Úr lögum nr. 37/2019:

11. gr.

Fyrirsögn X. kafla laganna verður: **Fyrirkomulag innkaupa ríkisins.**

Úr lögum nr. 47/2020:

5. gr.

Fyrirsögn IX. kafla laganna verður: **Endurupptökudómur.**

Breytt lagaheiti.

Eigi að breyta lagaheiti er það tiltekið aftast í breytingalögunum, á undan gildistökuákvæði sem oftast er allrasíðast, þó á undan breytingu á öðrum lögum og ákvæðum til bráðabirgða.

Úr lögum nr. 56/1994:

4. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um skattskyldu lánastofnana.**

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1996 vegna tekjuársins 1995.

Úr lögum nr. 44/2013:

4. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um skiptaverðmæti.**

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2014.

Breytt ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða geta ýmist átt að falla inn í þau lög sem breyta á (og koma þá á undan gildistökuákvæði) eða þau eiga við breytingalögin sjálf (og koma þá aftast, á eftir gildistökuákvæði).

Eigi að breyta ákvæði til bráðabirgða í heildarlögunum er tekið fram hvaða ákvæði eigi að breyta séu þau fleiri en eitt; sagt að það orðist svo; textinn hafður í framsöguhætti.

Úr lögum nr. 11/2006:

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögunum orðast svo:

Þrátt fyrir 24. gr. þessara laga er ríkissjóði heimilt að styrkja framkvæmdir í höfnum, sbr. ákvæði um greiðsluþátttöku í eldri hafnalögum, nr. 23/1994, með síðari breytingum, til ársloka 2008. Þetta á við um framkvæmdir sem skilgreindar eru í siglingamálakafla samgönguáætlunar 2005–2008 og þær framkvæmdir sem koma inn í siglingamálakafla samgönguáætlunar 2007–2010 vegna endurskoðunar á áformum samgönguyfirvalda um að hafnir skuli jafnsettar á aðlögunartíma nýrra hafnalaga.

Þrátt fyrir 26. gr. þessara laga er Hafnabótasjóði heimilt að veita styrk skv. 3. tölul. 1.mgr. 28. gr. laga nr. 23/1994 fram til 1. janúar 2009.

Úr lögum nr. 25/2020:

9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 11. og 12. gr. er réttthafa séreignarsparnaðar heimilt á tímabilinu 1. apríl 2020 til 1. janúar 2021 að sækja um útgreiðslu séreignarsparnaðar, sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla, til vörsluaðila skv. 3.–5. mgr. 8. gr. og skal greiðslum háttað eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði þessu.

...

Breyttur viðauki.*Úr lögum nr. 66/2020:*

12. gr.

Viðauki IV með lögnum, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Starfsemi sem heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi fyrir.

1. Aksturs- og/eða kennslubraut.
2. Almenningsalerni.
3. Baðstaður í náttúrunni, flokkur 1 og 2.
4. Bensínstöð.
5. Bifreiða- og vélaverkstæði.

...

13. gr.

Viðauki við lögin orðast svo:

Viðauki við lög um vörugjald.

- A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða í vörugjald krónur fyrir hvert kílógramm af vörunni án umbúða sem hér segir:

...

Úr lögum nr. 86/2001:

2. gr.

Viðauki IVB við lögin ásamt fyrirsögn orðast svo:

Viðauki IVB.*Úr lögum nr. 21/2009:*

1. gr.

Viðauki við lögin orðast svo:

Viðauki.

Til iðnaðar skv. 1. mgr. 2. gr. skulu teljast eftirtaldar atvinnugreinar samkvæmt Íslenskri atvinnugreinaflokkun, ÍSAT2008:

...

Úr lögum nr. 15/2007:

5. gr.

Viðauki XVIII við lögin orðast svo:

Álagningarstofn úrvinnslugjalds skv. 2. málsl. 4. mgr. 7. gr. a.

...

Úr lögum nr. 135/2019:

35. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka XIX við lögin:

- a. Í stað „16 kr./kg“ kemur hvarvetna: 30 kr./kg.
- b. Í stað „25 kr./kg“ kemur hvarvetna: 55 kr./kg.
- c. Í stað „11 kr./kg“ fyrir tollskrárnúmer 8543.9001 og 8543.9002 kemur: 30 kr./kg.
- d. Í stað „130 kr./kg“ kemur hvarvetna: 70 kr./kg.

Breyting á tollskrá.

Úr lögum nr. 33/2015:

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka við lögin:

- a. Í stað hlutfallstölunnar „7%“ í 1. másl. kemur: 11%.
- b. Í stað „0301.1000–0301.9990“ í a-lið kemur: 0301.1100–0301.9990.
- c. Í stað „og 0401.3009“ í a-lið kemur: 0401.4009 og 0401.5009.
- d. Tollskrárnúmerið 0511.9119 í b-lið fellur brott.
- e. Í stað tollskrárnúmeranna 1001.1001, 1001.9001, 1002.0001, 1003.0001, 1004.0001, 1007.0001 og 1008.2001 í c-lið kemur: 1001.1910, 1001.9910, 1002.9010, 1003.9010, 1004.9010, 1007.9010, 1008.2910.
- f. Á eftir tollskrárnúmerinu 1008.3001 í c-lið koma þrjú ný tollskrárnúmer, svohljóðandi: 1008.4010, 1008.5010, 1008.6010.
- g. Í stað tollskrárnúmersins 1008.9001 í c-lið kemur: 1008.9010.
- h. Í stað tollskrárnúmersins 1102.9021 í c-lið kemur: 1102.9091.
- i. Á eftir tollskrárnúmerinu 1104.3001 í c-lið koma þrjú ný tollskrárnúmer, svohljóðandi: 1105.2001, 1106.2001, 1108.1301.
- j. Tollskrárnúmerið 1301.1000 í c-lið fellur brott.
- k. Í stað tollskrárnúmersins 1301.9000 í c-lið kemur: 1301.9009.
- l. Tollskrárnúmerið 1302.1400 í c-lið fellur brott.
- m. Í stað tollskrárnúmeranna 1501.0011, 1501.0021, 1502.0011 og 1502.0021 í d-lið koma átta ný tollskrárnúmer, svohljóðandi: 1501.1011, 1501.2011, 1501.2021, 1501.9011, 1501.9021, 1502.1010, 1502.9010, 1502.9030.
- n. Tollskrárnúmerið 2836.1001 í g-lið fellur brott.
- o. Á eftir tollskrárnúmerinu 2836.9902 í g-lið kemur nýtt tollskrárnúmer, svohljóðandi: 2905.4910.
- p. Á eftir tollskrárnúmerinu 2922.4201 í g-lið kemur nýtt tollskrárnúmer, svohljóðandi: 2924.2960.
- q. Á eftir tollskrárnúmerinu 2925.1101 í g-lið koma fjögur ný tollskrárnúmer, svohljóðandi: 2932.1910, 2934.9910, 2938.9010, 2940.0010.

Úr lögum nr. 152/2019:

2. gr.

65. gr. A laganna orðast svo:

Eftirtaldar vörur sem falla undir viðauka IVA, IVB og V við tollalög bera toll skv. 3. mgr. 12. gr. tollalaga, nr. 88/2005, á þeim tímabilum sem kveðið er á um í eftirfarandi upptalningu:

Vörur með tollskrárnúmerunum 0208.9003, 0208.9007, 0208.9008, 0208.9009, 0407.1100, 0407.1900, 0603.1202, 0603.1905, 0701.9001, 0703.9001, 0706.9002 og 0709.5100 frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Vörur með tollskrárnúmerunum 0704.1000 og 0709.4000 frá 1. janúar til 15. ágúst og 15. október til 31. desember ár hvert.

Vörur með tollskrárnúmerinu 0704.9001 frá 1. janúar til 31. júlí ár hvert.

Vörur með tollskrárnúmerinu 0706.1000 frá 15. apríl til 30. júní ár hvert.

...

VIÐBÓT

Ný grein.

Ný grein bætist við. Nýjar greinar eru oftast auðkenndar með bókstöfum, a, b, c o.s.frv., t.d. 1. gr. a, 1. gr. b. Þá riðlast ekki númeraröð greina.

Taka skal skýrt fram ef breyta á greinatölu í samræmi við lagabreytinguna. Það er líklega helst gert ef löginn sem breyta á eru stutt eða ef breytingin verður í lok laganna. (Sjá einnig bls. 27, 36 og 45.)

Úr lögum nr. 137/1994:

76. gr.

Á eftir 115. gr. laganna kemur ný grein, 115. gr. a, svohljóðandi:

Ef hlutafélagaskrá telur að hlutafélag hafi hætt störfum, félagið er án starfandi stjórnar, endurskoðanda eða skoðunarmanns eða það sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni til skrárinnar skal skráin senda þeim sem eru eða ætla má að séu í fyrirsvari fyrir félagið samkvæmt skráningu þess ellegar síðasta skráðum stjórnarformanni eða stjórnarmönnum aðvörun þess efnis að félagið verði afskráð úr hlutafélagaskrá komi ekki fram upplýsingar innan þess frests sem skráin setur er veiti líkur fyrir því að félagið starfi enn.

Berist ekkert svar eða ekki fullnægjandi svar innan tilskilins frests skal aðvörun um afskráningu til fyrirsvarsmanna félagsins og annarra, sem hagsmuna eiga að gæta, birt einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Berist ekki fullnægjandi svar eða athugasemdir innan þess frests sem þar er tiltekinn má fella skráningu hlutafélagsins niður.

Úr lögum nr. 2006:

1. gr.

Á undan 11. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. a, svohljóðandi:

Einkaréttur höfundar skv. 3. gr., sbr. 2. gr., gildir ekki um gerð eintaka sem

1. eru til skamms tíma eða tilfallandi,
2. eru órjúfanlegur og mikilvægur liður í tækniferli,
3. hafa þann tilgang einan að gera mögulega sendingu af hálfu milliliðar milli þriðju aðila um net eða löglega notkun á verki eða öðru efni og
4. hafa enga sjálfstæða fjárhagslega þýðingu.

Ný grein með fyrirsögn.

Úr lögum nr. 158/2019:

3. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein, 3. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Skráningar- og ráðningarþjónusta fiskimanna.

Fyrirtæki sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu fiskimanna skulu starfa í samræmi við viðurkennd gæðastjórnunarkerfi að fengnu leyfi frá Samgöngustofu.

Skráningar- og ráðningarþjónusta skal vera skilvirk, fullnægjandi, áreiðanleg, fiskimönnum að kostnaðarlausu og til þess fallin að auðvelda fiskimönnum að ráða sig í skipsrúm.

Samgöngustofa hefur eftirlit með því að skráningar- og ráðningarþjónusta fiskimanna uppfylli kröfur samkvæmt lögum þessum og reglugerð á grundvelli þeirra.

Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um skráningar- og ráðningarþjónustu fiskimanna og eftirlit með henni í reglugerð.

Úr lögum nr. 58/2013:

12. gr.

Á eftir 94. gr. laganna kemur ný grein, 94. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Réttaráhrif kæru.

Nú er ákvörðun um val tilboðs kærð innan lögboðins biðtíma skv. 76. gr., og er þá gerð sammings óheimil þar til kærunefnd útboðsmála hefur endanlega leyst úr kærinni. Sjálfkrafa stöðvun sammingsgerðar vegna kæru tekur gildi þegar kaupanda má vera kunnugt um kærna, hvort heldur er vegna tilkynningar kæranda skv. 2. mgr. 94. gr. eða tilkynningar kærunefndar skv. 1. mgr. 95. gr.

Kærunefnd getur, hvort heldur er að kröfu varnaraðila eða að eigin frumkvæði, ákveðið að aflétta banni við sammingsgerð. Við slíka ákvörðun gilda ákvæði 96. gr. eftir því sem við á. Ákvörðun kærunefndar um að aflétta banni við sammingsgerð tekur aldrei gildi fyrr en að loknum biðtíma sammingsgerðar skv. 76. gr.

Að öðru leyti en leiðir af 1. mgr. hefur kærna ekki í för með sér sjálfkrafa stöðvun innkaupaferlis.

Úr lögum nr. 12/2016:

8. gr.

Á eftir 11. gr. laganna kemur ný grein, 11. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Rannsóknarskylda vegna flugslysa og alvarlegra flugatvika.

Rannsóknarnefndin skal annast rannsókn í kjölfar flugslysa og alvarlegra flugatvika. Um rannsókn flugatvika fer skv. 2. mgr. 4. gr.

Tvær (eða fleiri) nýjar greinar bætast við.

Bætist fleiri en ein grein við eru þær aðgreindar með stafliðum en væntanleg númer nýju greinanna höfð í sviga aftan við stafina. Greinarnar koma síðan í heild; greinaskil og línubil á undan, bil á milli greina.

Úr lögum nr. 157/2019:

4. gr.

Í stað 12. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, 12. gr., 12. gr. a og 12. gr. b, svohljóðandi:

a. (12. gr.)

Jöfnunarframlög skiptast í tvennt, tekjufjöfnunarframlög, sbr. 12. gr. a, og útgjaldajöfnunarframlög, sbr. 12. gr. b. Til jöfnunarframlaga skal verja þeim tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr. a sem eru umfram ráðstöfun skv. 10. og 11. gr.

...

b. (12. gr. a.)

Tekjufjöfnunarframlögum skal úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Útreiknuð framlög skulu miðuð við sveitarfélög að sambærilegri stærð og fullnýtingu tekjustofna þeirra, sbr. 12. gr. Ef reiknað meðaltal sveitarfélaga á hvern íbúa í sveitarfélagi, sbr. 12. gr., er lægra en 97% af meðaltali á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum í viðkomandi flokki skal greiða sveitarfélagi tekjufjöfnunarframlag sem nemur allt að mismuninum.

...

c. (12. gr. b.)

Útgjaldajöfnunarframlögum skal varið til að mæta mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra landfræðilegu og lýðfræðilegu þátta sem almennt hafa áhrif á útgjaldaþörf, sbr. viðauka við lög þessi.

...

Úr lögum nr. 146/2012:

31. gr.

Á eftir 24. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar, 24. gr. a – 24. gr. d, svohljóðandi:

a. (24. gr. a.)

Þrátt fyrir ákvæði 8. og 24. gr. skulu skjöl, sem fela í sér breytingar á skilmálum á fasteignaveðskuldabréfum einstaklinga, eða ný veðskuldabréf, sem gefin eru út til uppgreiðslu vanskila á fasteignaveðskuldabréfum einstaklinga, vera undanþegin greiðslu stimpilgjalds að því tilskildu að sömu aðilar séu að fasteignaveðskuldabréfinu og hinu nýja skjali. Undanþágan á ekki við þegar skilmálabreyting verður til þess að skjalið uppfyllir skilyrði 1. másl. 1. mgr. 24. gr.

b. (24. gr. b.)

Þrátt fyrir ákvæði 24. og 26. gr. skal, þegar fasteignaveðskuldabréf einstaklings er endurnýjað með nýju fasteignaveðskuldabréfi sem kemur í stað þess eldra að hluta eða öllu leyti samkvæmt áritun á útgefnu skuldabréfi til endurfjármögnunar, ekki greiða stimpilgjald af þeim hluta nýja fasteignaveðskuldabréfsins sem svarar til uppreiknaðs virðis eldra fasteignaveðskuldabréfsins ásamt vanskilum. Er ákvæði þetta óháð því hvort um nýjan kröfuhafa er að ræða samkvæmt hinu nýja fasteignaveðskuldabréfi.

c. (24. gr. c.)

Þrátt fyrir ákvæði 8. og 24. gr. skulu skjöl sem fela í sér breytingar á skilmálum á bílalánnum einstaklinga vera undanþegin greiðslu stimpilgjalds, að því tilskildu að sömu aðilar séu að bílaláninu og hinu nýja skjali.

d. (24. gr. d.)

Þrátt fyrir ákvæði 24. og 26. gr. skal, þegar bílalán einstaklings er endurnýjað með nýju bílaláni sem kemur í stað þess eldra, ekki greiða stimpilgjald af þeim hluta nýja bílalánsins sem svarar til uppreiknaðs virðis eldra bílalánsins ásamt vanskilum. Er ákvæði þetta óháð því hvort um nýjan kröfuhafa er að ræða samkvæmt hinu nýja bílaláni.

Í eftirfarandi dæmi koma nýju greinarnar aftast í lögnum sem breytt er og er því ekki þörf á að auðkenna þær með bókstöfum, a, b, c o.s.frv. (t.d. 1. gr. a, 1. gr. b) (sjá bls. 27, 33 og 45):

Úr lögum nr. 39/1992:

18. gr.

Á eftir 86. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (87. gr.)

Við meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögum þessum skal beita ákvæðum VIII. kafla laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

b. (88. gr.)

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna.

Nýjar greinar með fyrirsögnum og millifyrirsögnum.

Úr lögum nr. 12/2013:

11. gr.

Á eftir 56. gr. laganna koma sjö nýjar greinar, 56. gr. a – 56. gr. g, ásamt fyrirsögnum og millifyrirsögnum, svohljóðandi:

I. Samruni verðbréfasjóða.

a. (56. gr. a.) (Hér vantar fyrirsögn!)

Verðbréfasjóðir sem hyggjast renna saman skulu gera sameiginlega samrunaáætlun. Innlendir samrunar eru aðeins heimilir að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Millilandasamrunar eru aðeins heimilir að fengnu samþykki lögbærs eftirlitsaðila samrunasjóðs og skal samruni vera í samræmi við lög og reglur heimaríkis samrunasjóðs.

b. (56. gr. b.)

Upplýsingar til hlutdeildarskírteinishafa.

Eftir að Fjármálaeftirlitið hefur heimilað fyrirhugaðan samruna skulu verðbréfasjóðir sem hyggjast renna saman afhenda hlutdeildarskírteinishöfum samrunasjóðs og yfirtökusjóðs nákvæmar og fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugaðan samruna. Upplýsingarnar skulu gera hlutdeildarskírteinishöfum kleift að gera sér grein fyrir áhrifum fyrirhugaðs samruna á fjárfestingu þeirra og að nýta sér réttindi sín samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Upplýsingarnar skulu vera veittar eigi síðar en 30 dögum áður en innlausnarskyldu skv. 56. gr. c lýkur.

...

c. (56. gr. c.)

Innlausnarskylda.

Hlutdeildarskírteini samrunasjóðs og yfirtökusjóðs skulu innleyst að kröfu eigenda samkvæmt reglum verðbréfasjóðanna án annars gjalds en þess sem verðbréfasjóðurinn heldur eftir til að standa undir kostnaði við sölu eigna og, ef við á, skal eigendum hlutdeildarskírteina heimilt að óska eftir því að skipta hlutdeildarskírteinum sínum í hlutdeildarskírteini í öðrum verðbréfasjóði með sambærilega fjárfestingarstefnu sem er stjórnað af sama rekstrarfélagi eða félagi sem rekstrarfélagið er tengt í gegnum sameiginlega stjórnun eða beint eða óbeint eignarhald.

...

d. (56. gr. d.)

Reglugerð.

Ráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd þessa kafla. Í henni skulu m.a. koma fram ákvæði um:

...

J. Höfuðsjóðir og fylgisjóðir.

e. (56. gr. e.)

Umsókn fylgisjóðs til fjárfestingar í höfuðsjóði.

Fylgisjóði er einungis heimilt að fjárfesta í höfuðsjóði að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið skal heimila fjárfestingu fylgisjóðs í höfuðsjóði ef fylgisjóður, vörslufyrirtæki fylgisjóðs, endurskoðandi fylgisjóðs og höfuðsjóður uppfylla skilyrði laga sem um þau gilda.

...

Úr lögum nr. 12/2016:

1. gr.

Á eftir 148. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 148. gr. a og 148. gr. b, ásamt millifyrirsögn, svohljóðandi:

3a. Réttindi farþega samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1177/2010.

a. (148. gr. a.)

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1177/2010 frá 24. nóvember 2010 um réttindi farþega sem ferðast á sjó eða skipgengum vatnaleiðum, að undanskildum viðaukum, skal hafa lagagildi hér á landi að því er varðar farþega:

a. í farþegaflutningum ef höfn þar sem farið er um borð er hér á landi eða í öðru EES-ríki, í farþegaflutningum ef höfn þar sem farið er frá borði er hér á landi eða í öðru EES-ríki, að því tilskildu að flutningsaðili á Evrópska efnahagssvæðinu starfræki flutninginn, eins og hann er skilgreindur í e-lið 3. gr. reglugerðarinnar,

b. í skemmtisiglingu ef höfn þar sem farið er um borð er hér á landi eða í öðru EES-ríki. Ákvæði 2. mgr. 16. gr., 18. gr., 19. gr. og 1. og 4. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar gilda þó ekki um þessa farþega.

...

b. (148. gr. b.)

Samgöngustofa annast framkvæmd og eftirlit með ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1177/2010.

Samgöngustofa skal birta á vefsíðu sinni yfirlit yfir helstu réttindi og skyldur sem felast í reglugerðinni.

...

Ný málsgrein.

Ný málsgrein bætist við grein. Tekið er fram hvar málsgreinin á að vera í greininni. Sé annað ekki tekið fram er málsgreinin talin verða síðasta málsgrein greininnar. (Séu málsgreinar felldar brott standa þær tómar í lagasafni.)

Úr lögum nr. 135/1994:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við útreikning á fjölda þeirra sem er sagt upp skv. 1. mgr. skal litið á uppsögn ráðningar-samnings einstakra starfsmanna sem jafngilda uppsögnum að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða.

3. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Komi fram staðhæfing um brot á kröfum um upplýsingar, samráð og tilkynningar samkvæmt þessum lögum getur atvinnurekandi ekki borið því við að honum hafi ekki borist nauðsynlegar upplýsingar frá fyrirtækinu þar sem ákvörðun um hópuppsagnir var tekin.

Úr lögum nr. 87/1994:

2. gr.

Á undan 1. mgr. 6. gr. laganna koma sex nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Bátar minni en 6 brl., sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakmarkunum, skv. 6. mgr. II. bráðabirgðaákvæðis laganna, skulu frá og með fiskveiðiárinu, er hefst 1. september 1994, sæta veiðitakmarkunum eins og kveðið er á um í 2.–6. mgr. þessarar greinar. Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, og til hrognkelsveiða í net.

Veiðar skulu bannaðar í desember og janúar sem og í sjö daga um páska og verslunarmannahelgi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Veiðar skulu enn fremur bannaðar aðra og fjórðu helgi hvers mánaðar auk föstudaga á undan hvorri helgi. Falli bann dagar þessir saman við bann-daga um páska eða verslunarmannahelgi flytjast þeir fram sem því nemur.

...

Úr lögum nr. 58/2019:

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Heilbrigðisnefndir skulu fyrir 1. ágúst ár hvert birta á vefsvæði sínu skýrslu um starfsemi sína, þar sem fram komi yfirlit um helstu verkefni og áherslur undangengins árs, ásamt ársreikningi.

Heilbrigðisnefndum er heimilt að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir:

1. Útgáfu starfsleyfa og vottorða, sem og endurskoðun eða breytingar á starfsleyfum, sbr. 6. gr.
 2. Skráningu rekstraraðila, sbr. 8. gr.
 3. Eftirlit, þ.m.t. sýnatöku, sbr. 47. gr.
 4. Eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða, sbr. XVII. kafla.
- b. 1. og 2. másl. 3. mgr. falla brott.
- c. Í stað orðsins „gjaldsins“ í 3. másl. 3. mgr. kemur: gjalds skv. 4. mgr.; og orðið „sveitarfélaga“ í lok sömu málsgreinar fellur brott.

Úr lögum nr. 37/2020:

3. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða XXXIII í lögunum, sbr. a-lið 7. gr. laga nr. 25/2020, bætist ný málsgrein er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. nær á viðkomandi tímabili jafnframt til annars húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga, enda sé húsnæðið skráð í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.

Málsgreinar eru að jafnaði ekki númeraðar svo að óþarft er að tilgreina breytingar á röð þeirra. Slíkt á aðeins við ef málsgreinar eru númeraðar. Brottfallnar málsgreinar standa tómar í lagasafni og „teljast“ áfram með.

Viðbót (orð, hluti málsliðar).

Orð eða hluti málsliðar bætist við. Mikilvægt er að skýrt komi fram hvar viðbótin skal koma og hvers kyns hún er. (Ekki segja að viðbótin komi „á eftir“ lokaorði málsliðarins, hún bætist við hann.)

Úr lögum nr. 139/1994:

2. gr.

Á eftir ártalinu „1994“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum kemur: og 1995.

Úr lögum nr. 60/1995:

4. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist: enda fullnægi þeir kröfum um viðhald réttinda, sbr. 9. gr.

Úr lögum nr. 21/2020:

15. gr.

Við 2. másl. 20. gr. laganna bætist: ef ekki er mælt fyrir um annað í lögum þessum.

Úr lögum nr. 47/2013:

13. gr.

Á eftir orðunum „og hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarræði“ í 7. tölul. 1. mgr. 110. gr. laganna kemur: og 4. mgr. 19. gr. um að birta ekki eða uppfæra upplýsingar á vefsvæði um nöfn og ríkisfang þeirra sem eiga umfram 1% hlutafjár eða stofnfjár í fyrirtækinu.

Hér voru orðin „og hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarræði“ í lok töluliðar og því hefði átt að segja: Við 7. tölul. 1. mgr. 110. gr. laganna bætist: og 4. mgr. ...

Nýr málsliður.

Nýr málsliður bætist við grein eða málsgrein; hann kemur í beinu framhaldi af textanum, þ.e. ekki verða greinaskil.

Ef ekki er annað tilgreint verður málsliður sem bætist við málsgrein eða grein síðasti málsliðurinn. (Ekki segja að á eftir 3. másl. komi nýr málsliður ef málsliðir málsgreinarinnar eru þrír.)

Úr lögum nr. 131/1994:

1. gr.

Við 3. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Yfirdýralæknir hefur eftirlit með ávísunum dýralyfja.

Annars verður að tilgreina nákvæmlega hvar hinn nýi málsliður (málsliðir) kemur. (Ekki segja að nýr málsliður bætist við ef raunin er að tveir eða þrír bæstast við.)

Úr lögum nr. 55/1995:

1. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er þó að auglýsa lausasöluluf í sjónvarpi.

Úr lögum nr. 45/1995:

7. gr.

Á eftir 2. másl. 1. mgr. 25. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Úthlutunarnefnd fyrir opinbera starfsmenn skal, eftir því hver á hlut að máli, skipuð þremur mönnum frá viðkomandi bandalagi opinberra starfsmanna, eða stéttarfélagi sem er utan bandalaga, einum fulltrúa frá fjármálaráðuneyti og einum fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn skulu vera jafnmargir og aðalmenn og valdir með sama hætti og þeir.

Nýr töluliður (staflíður).

Nýr töluliður (staflíður) bætist við. Yfirleitt er tekið fram hvar í röðinni þeir skulu vera (og breytist þá röð þeirra sem á eftir koma), en annars verður að telja að hinn nýi liður verði síðastur. Texti inngangsmálsliðar er í framsöguhætti, tvípunktur á eftir; texti nýja liðarins kemur svo í beinu framhaldi, ekki greinaskil.

Úr lögum nr. 21/1995:

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Í traustum erlendum verðbréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Hlutfall erlendra eigna fari þó eigi umfram 10% af hreinni eign til greiðslu lífeyris og skal stjórn sjóðsins gæta eðlilegrar áhættudreifingar í því sambandi.

Úr lögum nr. 118/2019:

2. gr.

Við 1. mgr. 192. gr. laganna bætist nýr staflíður, svohljóðandi: sölu haldlagðra og kyrrsettra eigna og muna.

Einnig má setja töluliðinn upp eins og í lögnum, þ.e. með númeri og inndrætti, og koma þá eðlilega greinaskil á eftir inngangsmálslið. (Sjaldgæfara.) Séu nýir liðir tveir eða fleiri verður að númera þá.

Úr lögum nr. 31/2005:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

8. *Opinber fjárfestingarráðgjöf:* Greining eða samantekt upplýsinga sem felur í sér ráðleggingu um kaup eða sölu á fjármálagerningum eða leggur til fjárfestingarstefnu, með beinum eða óbeinum hætti, sem varðar einn eða fleiri fjármálagerninga eða útgefendur þeirra og ætluð er almenningi eða er líkleg til að verða aðgengileg almenningi, svo sem ef henni er dreift til stórs hóps manna.
9. *Viðurkennd markaðsframkvæmd:* Framkvæmd sem eðlilegt er að gera ráð fyrir að sé viðhöfð á einum eða fleiri fjármálamörkuðum og Fjármálaeftirlitið hefur viðurkennt með þeim hætti sem kveðið er á um í reglugerð sem sett skal á grundvelli 73. gr.

Úr lögum nr. 28/1995:

2. gr.

Við 4. mgr. 6. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 6. og 7. tölul., svohljóðandi:

6. Þegar landið (fasteign) hefur verið tekið úr landbúnaðarnotum með leyfi skv. 1. mgr. 12. gr., enda hafi slíku leyfi verið þinglýst.
7. Þegar aðilaskipti verða að sumarbústað í sumarbústaðahverfi, enda sé bústaðurinn reistur í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum. Það telst vera sumarbústaðahverfi þegar fjórir eða fleiri sumarbústaðir eru byggðir á sömu lóð (landi) eða á samtengdum lóðum.

Úr lögum nr. 159/2012:

2. gr.

...

j. Við bætast fjórir nýir töluliðir, svohljóðandi:

13. *Fjármálagerningur*: Fjármálagerningar sem taldir eru upp í 2. tölul. 2. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti.
14. *Kerfisstjóri*: Sú eining eða einingar sem bera lagalega ábyrgð á rekstri kerfis. Kerfisstjóri getur jafnframt verið milligönguaðili, greiðslujöfnunarstöð eða uppgjörsaðili.
15. *Rekstrarsamhæfð kerfi*: Tvö eða fleiri kerfi þar sem kerfisstjórnarnir hafa komið á fyrirkomulagi sín á milli sem felur í sér fullnustu fyrir mæla milli kerfa.
16. *Víðskiptadagur*: Nær yfir uppgjör að nóttu jafnt sem degi og tekur til allra atburða innan víðskiptalotu kerfis.

Úr lögum nr. 60/1995:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætast tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:

- f. Mánuður telst 30 dagar.
- g. STCW er alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978.

Óæskilegt er að nota undirliði sem merktir eru með stjörnum, strikum eða punktum í lagatexta. Getur oft farið vel á að nota slíka liði í athugasemdum en óæskilegt er að nota þá eins og töluliði (eða stafliði) í lagagreinum eða í ákvæðum til bráðabirgða því erfitt er að vísa til þeirra síðar eða breyta þeim með breytingalögum („þriðja stjarna orðast svo: ...“!).

Nýr kafli.

Nýr kafli bætist við með svo og svo mörgum greinum og nýju kaflaheiti. Oft er tiltekið að kafla- og greinatala breytist til samræmis. Nýjum köflum er stundum skeytt inn í röðina með A, B, C, þ.e. I. kafli A, I. kafli B o.s.frv., til að raska ekki millivísunum.

Kaflaheiti eru feitletruð.

Úr lögum nr. 61/2012:

1. gr.

Á undan I. kafla laganna kemur nýr kafli, I. kafli, **Réttindi barns**, með einni grein, 1. gr., ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Réttindi barns.

Barn á rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar, umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og án mismununar af nokkru tagi. Óheimilt er að beita barn hvers kyns ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.

Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess.

Barn á rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum sem það varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska.

2. gr.

1. gr. laganna verður 1. gr. a; og í stað tilvísunarinnar „1. gr.“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: 1. gr. a.

3. gr.

I. kafli laganna verður I. kafli A.

Úr lögum nr. 15/2013:

2. gr.

Á eftir IV. kafla laganna kemur nýr kafli, V. kafli, **Endurupptökunefnd**, með einni nýrri grein, 34. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Endurupptökunefnd.

Endurupptökunefnd er sjálfstæð stjórnslustofnun sem tekur ákvörðun um hvort heimila skuli endurupptöku dómsmáls sem dæmt hefur verið í héraði eða Hæstarétti.

...

Í eftirfarandi dæmi er hin nýja grein aftarlega í lögunum, e.t.v. hefur það verið ástæða þess að ekki var notað greinarnúmer auðkennt með a (sjá bls. 27, 33 og 36):

Úr lögum nr. 20/2013:

2. gr.

Á eftir XV. kafla laganna kemur nýr kafli, XVI. kafli, **Innflutningur og framleiðsla lyfjablandaðs fódurs**, með einni nýrri grein, 47. gr., svohljóðandi, og breytist röð annarra kafla og greina samkvæmt því:

Leyfi til innflutnings eða framleiðslu lyfjablandaðs fódurs handa dýrum hafa þeir einir sem til þess hafa hlotið leyfi Lyfjastofnunar. Leyfi skv. 1. málsl. veitir heimild til dreifingar lyfjablandaðs fódurs. Í reglugerð sem ráðherra setur skal nánar kveðið á um skilyrði leyfisveitingar, notkun, eftirlit, afhendingu og dreifingu lyfjablandaðs fódurs handa dýrum.

Úr lögum nr. 54/2013:

18. gr.

Á eftir X. kafla laganna kemur nýr kafli, X. kafli A, **Eignarhald fjölmiðla o.fl.**, með þremur nýjum greinum, 62. gr. a – 62. gr. c, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (62. gr. a.)

Eftirlit með fjölraði og fjölbreytni í fjölmiðlun.

Samkeppniseftirlitið getur gripið til aðgerða gegn aðstæðum sem koma í veg fyrir, takmarka eða hafa skaðleg áhrif á fjölraði og/eða fjölbreytni í fjölmiðlun almennings til tjóns. Með aðstæðum er m.a. átt við atriði sem tengjast eiginleikum viðkomandi markaðar, þ.m.t. uppbyggingu fyrirtækja sem á honum starfa. Aðgerðir Samkeppniseftirlitsins geta falist í úrræðum til breytinga á skipulagi ef sýnt þykir að ekki séu fyrir hendi önnur og jafnárangursrík úrræði sem eru minna íþyngjandi fyrir aðila. Samkeppniseftirlitið skal afla umsagnar fjölmiðlanefndar áður en það gripur til aðgerða á grundvelli þessa ákvæðis.

Fjölmiðlanefnd getur beint tilmælum til Samkeppniseftirlitsins um að grípa til aðgerða skv. 1. mgr. Berist Samkeppniseftirlitinu tilmæli frá fjölmiðlanefnd þar að lútandi ber því að taka málið til rannsóknar og efnislegrar umfjöllunar.

b. (62. gr. b.)

Samrunaefftirlit.

Tilkynna skal Samkeppniseftirlitinu um samruna sem a.m.k. ein fjölmiðlaveita með minnst 100 millj. kr. ársveltu á Íslandi á aðild að.

Samruni telst hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar:

- a. vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt,
- b. þegar fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki,
- c. vegna þess að einn eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yferráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, eða eitt eða fleiri fyrirtæki ná beinum eða óbeinum yferráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða öðrum hætti,
- d. með stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni sem gegnir til frambúðar allri starfsemi sjálfstæðrar efnahagseiningar.

...

c. (62. gr. c.)

Málsmeðferð, viðurlög o.fl.

Um form og efni tilkynninga um samruna, málsmeðferð, viðurlög, kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og annað skv. 62. gr. a og 62. gr. b gilda ákvæði samkeppnislaga og reglur settar með stoð í þeim ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

Heimild samkeppnislaga til að tilkynna samruna með styttri tilkynningu gildir ekki um samruna skv. 62. gr. b.

Í eftirfarandi dæmi eru settir kaflar inn í lög sem eru ekki kaflaskipt:

Úr lögum nr. 149/2001:

1. gr.

Á undan 1. gr. laganna kemur ný kaflafyrirsögn, svohljóðandi: I. KAFLI, **Áfengisgjald.**

2. gr.

Í stað 8.–10. gr. laganna koma tveir nýir kaflar, II. KAFLI, **Tóbaksgjald**, með þremur nýjum greinum, 8.–10. gr., og III. KAFLI, **Almenn ákvæði**, með tveimur nýjum greinum, 11. og 12. gr., svohljóðandi:

a. (8. gr.)

Greiða skal til ríkissjóðs sérstakt gjald, tóbaksgjald, af tóbaki sem flutt er hingað til lands eða er framleitt hér á landi.

Tóbak telst samkvæmt lögum þessum vera sérhver vara sem flokkast í 24. kafla í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

b. (9. gr.)

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leggur á og innheimtir tóbaksgjald af tóbaksvörum sem verslunin hefur flutt hingað til lands eða framleiddar hafa verið hér á landi og verslunin selur til smásala tóbaks.

...

c. (10. gr.)

Af tóbaki sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða skal við tollafgreiðslu greiða tóbaksgjald sem hér segir:

...

d. (11. gr.)

...

Nýtt (ný) ákvæði til bráðabirgða.

Nýtt (ný) ákvæði til bráðabirgða bætist (bætast) við lögin sem breyta skal.

Sé annað ekki tekið fram verður að álykta að hin nýju ákvæði komi aftan við ákvæði sem fyrir eru. Þau má númera með I, II o.s.frv. í breytingalagafrumvarpi þótt þau muni lenda aftan við önnur bráðabirgðaákvæði í lögum og fá ný númer. Æskilegt er að hafa þann háttinn á þar sem mögulega hefur nýjum ákvæðum verið bætt við lögin í millitíðinni og það gæti valdið ruglingi. (Sjá bls. 8 og 13.) Texti inngangsmálgreinar er í framsöguhætti, tvípunktur og greinaskil. Þá kemur ákvæðið sjálf.

Tekið skal fram að bráðabirgðaákvæðið bætist við „lögin“ og með því átt við lögin sem breyta skal. („Við *lögin* bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða.“) Eigi ákvæðið hins vegar við breytingalögin er talað um „*lög þessi*“; t.d. „4. gr. laga þessara kemur ekki til framkvæmda fyrir en ...“.

Bráðabirgðaákvæði með breytingalögum er haft síðast í lögunum, aftan við gildistökuákvæðið, og á ekki að vera merkt sem sérstök grein. Eigi hins vegar að breyta áður settu bráðabirgðaákvæði með breytingalögum er kveðið á um þá breytingu á undan gildistökuákvæðinu. — Ef ákvæði eru fleiri en eitt eru þau jafnan númeruð með rómverskum tölum fyrir miðju, feitletruðum.

Dæmi um ákvæði til bráðabirgða sem bæta á við lög:

Úr lögum nr. 37/2020:

2. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. 10. gr. skal nýsköpunarfyrirtæki sem er eigandi að rannsóknar- eða þróunarverkefnum sem hlotið hafa staðfestingu skv. 5. gr. eiga rétt á sérstökum frádrætti frá álöggðum tekjuskatti árin 2021 og 2022 sem nemur 35 hundraðshlutum af útlögðum kostnaði vegna þessara verkefna í tilviki lítilla og meðalstórra fyrirtækja en 25 hundraðshlutum í tilviki stórra fyrirtækja enda sé um að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað í skilningi 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

b. (II.)

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. másl. 1. mgr. 10. gr. skal hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti frá álöggðum tekjuskatti árin 2021 og 2022 vera samtals 1.100.000.000 kr., þar af skal heimilt að telja til þeirrar fjárhæðar allt að 200.000.000 kr. vegna aðkeyptrar rannsóknar- eða þróunarvinnu skv. 6. gr.

...

Úr lögum nr. 38/2018:

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr. skal fjárhæð kolefnisgjalds vera 10,40 kr. á hvern lítra af gas- og dísilolíu, 9,10 kr. á hvern lítra af bensíni, 12,80 kr. á hvert kílógramm af brennsluolíu og 11,40 kr. á hvert kílógramm af jarðolíugasi og öðru loftkenndu kolvatnsefni til 1. janúar 2020.

Úr lögum nr. 21/1995:

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að gera samning við Spöl hf. um kaup víkjandi skuldabréfa, útgefnum af Speli hf., í samræmi við viljayfirlýsingu lífeyrissjóðsins, dags. 13. desember 1993.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Úr lögum nr. 149/2012:

7. gr.

Í stað ákvæðis til bráðabirgða í lögnum koma þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Við gildistöku laga þessara skulu eignir og skuldbindingar Rannsóknarnámssjóðs falla til Rannsóknasjóðs og eignir og skuldbindingar Tækjasjóðs falla til Innviðasjóðs eins og þær standa í lok árs 2012.

b. (II.)

Þeir sem þegið hafa styrk úr Rannsóknasjóði, Rannsóknarnámssjóði, Tækjasjóði og Markáætlun á sviði vísinda og tækni fyrir gildistöku laga þessara halda óbreyttum réttindum og skyldum samkvæmt þeim styrkveitingum.

c. (III.)

Núverandi stjórnir Rannsóknasjóðs og Rannsóknarnámssjóðs skulu halda umboði sínu og starfa þar til ný stjórn úthlutunarsjóða hefur verið skipuð skv. 4. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Dæmi um tvenns konar bráðabirgðaákvæði, í sömu lögum, ákvæði bætt við stofnlögin og ákvæði í breytingalögum:

Úr lögum nr. 137/2012:

3. gr.

Við lögina bættist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ráðherra skal skipa fimm manna samráðsnefnd. Félag íslenskra bókaútgefenda og Námsgagnastofnun tilnefna einn fulltrúa hvort. Ráðherra skipar þrjá fulltrúa án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður samráðsnefndarinnar. Skipun samráðsnefndarinnar gildir til 1. september 2013.

Samráðsnefndin skal skila ráðherra skýrslu þar sem fjallað verði um framtíðarsýn og starfsumhverfi íslenskrar bókaútgáfu, miðlun og bókmenningu, kennsluefni og fagefni fyrir skóla og fyrirtæki, svo og almenna bókaútgáfu. Nefndinni verði m.a. falið að leggja fram tillögur og marka skýra stefnu um aukna rafbókavæðingu á Íslandi, stafrænan aðgang almennings að höfundarréttarvörðu efni, kerfisbundin innkaup bókasafna, greiðslur fyrir aðgengi almennings að prentuðum og rafrænum bókum, eflingu námsgagnaútgáfu og hvernig megi auka aðgengi nemenda að innlendum námsbókum. Ráðherra verði heimilt að fela samráðsnefndinni frekari verkefni ef þörf er á.

4. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um bókmenntir.**

5. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2013.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara tekur Miðstöð íslenskra bókmennta við eignum og skuldbindingum bókmenntasjóðs svo og óafgreiddum styrklofordum. Sama gildir um ónýttar fjárheimildir á fjárlögum fyrir árið 2012 fyrir bókmenntasjóð.

Við gildistöku laga þessara flytjast starfsmenn bókmenntasjóðs til skrifstofu Miðstöðvar íslenskra bókmennta. Fer um réttindi og skyldur starfsmanna eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á.

Dæmi um ákvæði til bráðabirgða í breytingalögum:

Úr lögum nr. 56/1994:

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1996 vegna tekjuársins 1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á því ári þegar lög þessi öðlast gildi skulu viðskiptabankar og sparisjóðir samkvæmt þeim leysa upp og færa til skattskyldra tekna þá upphæð sem stendur á afskriftareikningi útlána sem byggist á ákvæði 3. gr. laga nr. 65/1982, sbr. 2. gr. laga nr. 51/1984. Miða skal tekjufærslu við stöðu reikningsins 31. desember 1993. Ákvæði 1. gr. laga þessara skulu síðan gilda um skattaleg reikningsskil viðkomandi skattaðila frá því tímamarki.

Úr lögum nr. 141/2019:

88. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2020.

Við gildistöku laga þessara tekur ríkisskattstjóri við óloknum málum tollstjóra. Jafnframt færast búnaður og ráðstöfunarréttur á þeim bankareikningum sem tollstjóri nýtir í tengslum við tollafræiðslu og tollgæslu yfir til ríkisskattstjóra.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsmenn tollstjóra sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 2020 verða starfsmenn hjá embætti ríkisskattstjóra og Tollgæslu Íslands og fer um rétt starfsmanna til starfa hjá embætti ríkisskattstjóra eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002, eins og við á hverju sinni. Ákvæði um auglýsingaskyldu í 7. gr. laga nr. 70/1996 gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.

Við gildistöku laga þessara um sameiningu á embættum tollstjóra og ríkisskattstjóra er embætti tollstjóra lagt niður.

Nýjar orðskýringar.

Þess skal gætt að nota sömu leturgerð og notuð er í lögum (í Stjórnartíðindum) sem breyta skal (yfirleitt skáletrun). Einnig þarf að gæta að orðalagi og sniði greinarinnar, að breytingin falli að því. Orðskýringar eru yfirleitt númeraðar, tölulíðir, ekki málsgreinar. Slíkt sést þó í eldri lögum. Tölulíðir auðvelda milli-vísanir og breytingar.

Úr lögum nr. 12/2016:

6. gr.

Eftirfarandi orðskýringar bætast við 3. gr. laganna og jafnframt verði orðskýringum laga-greinarinnar raðað í rétta stafrófsröð:

1. *Alvarlegt sjóslys*: Sjóslys sem leiðir til elds, sprengingar, ásiglingar, strands, skemmda vegna óveðurs, skemmda vegna íss, sprungu í bol eða gruns um galla í skipsbol og veldur:
 - a. stöðvun aðalvéla, miklum skemmdum á vistarverum, alvarlegum bolskemmdum svo að skipið er ekki lengur haffært, t.d. þegar gat kemur á bolinn undir sjólinu; eða
 - b. mengun (án tillits til magns); og/eða
 - c. bilun með þeim afleiðingum að taka þarf skipið í drátt eða aðstoðar er þörf frá landi.

2. *Flugatvik*: Atvik, annað en flugslys, sem tengist starfrækslu loftfars og hefur eða getur haft áhrif á öryggi starfrækslunnar.
3. *Mjög alvarlegt sjóslys*: Sjóslys þar sem skip ferst, mannskaði verður eða meiri háttar mengun.

Úr lögum nr. 90/2020:

2. gr.

Eftirfarandi orðskýringar bætast við 3. gr. laganna:

4. *Plast* er efni sem samanstendur af fjölliðu, eins og hún er skilgreind í reglugerð um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem íblöndunarefnum eða öðrum efnum kann að hafa verið bætt við og getur nýst sem aðalbygg-ingarefni fullunninnar vöru, þ.m.t. plast sem getur brotnað niður með eðlisfræðilegu og lífrænu niðurbroti, en undanskildar eru náttúrulegar fjölliður sem hefur ekki verið breytt með efnafræðilegum aðferðum.
5. *Einnota plastvara* er vara sem gerð er úr plasti að öllu leyti eða að hluta til og er ekki hugsuð, hönnuð eða sett á markað til að fara á vistferli sínum í gegnum margar ferðir eða hringrásir þar sem henni er skilað aftur til framleiðanda til enduráfyllingar eða endurnotkunar í sama tilgangi og henni var ætlað upphaflega.
6. *Plast sem er niðurbrotanlegt með oxun* er efni úr plasti sem inniheldur íblöndunarefni sem leiða til þess með oxun að plastefnið sundrast í öragnir eða úr verður efnafræðilegt niðurbrot.
7. *Setja á markað* er þegar vara er í fyrsta sinn afhent hér á landi í atvinnuskyni til dreifingar, neyslu eða notkunar, hvort sem er gegn greiðslu eða án endurgjalds.

Úr lögum nr. 158/2019:

2. gr.

Eftirfarandi orðskýring bætist við 3. gr. laganna í viðeigandi stafrófsröð: *Fiskimaður* er hver sá sem starfar eða er ráðinn til vinnu á fiskiskipi, þ.m.t. þeir sem eru ráðnir upp á aflahlut. Hafnsögumenn, löggæsluaðilar, aðrir aðilar í fastri þjónustu hins opinbera, starfsmenn í landi sem sinna störfum um borð í fiskiskipum eða eftirlitsmenn með fiskveiðum teljast ekki vera fiskimenn.

Úr lögum nr. 141/2012:

1. gr.

Eftirfarandi orðskýringar bætast við 3. gr. laganna í viðeigandi stafrófsröð:

1. *Miðlægur stjórnandi skráningarkerfisins*: Aðili sem er tilnefndur af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skv. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB, með síðari breytingum, til að hafa umsjón með starfrækslu skráningarkerfis Evrópusambandsins.
2. *Viðskiptavettvangur*: Marghliða viðskiptakerfi sem leiðir saman kaupendur og seljendur losunarheimilda.

Úr lögum nr. 165/2010:

44. gr.

...

f. Við bætast eftirfarandi orðskýringar í rétttri stafrófsröð, svohljóðandi:

1. *Lítið fyrirtæki*: Fyrirtæki sem er með færri en 50 starfsmenn og er með árlega veltu undir 2 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 2 milljónum evra, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008, þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 61. og 62. gr. sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið.
2. *Meðalstórt fyrirtæki*: Fyrirtæki sem er með á bilinu 50–250 starfsmenn og er með árlega veltu undir 50 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 43 milljónum evra, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008.
3. *Stórt fyrirtæki*: Fyrirtæki sem er með fleiri en 250 starfsmenn, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008.

Úr lögum nr. 5/1992:

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætast eftirfarandi orðskýringar í rétttri stafrófsröð:

1. *Efri og neðri mörk greiðslumarks* eru leyfileg fráviksmörk framleiðslu á lögbýli frá greiðslumarki býlisins án þess að frávikid valdi breytingu á beinum greiðslum úr ríkis-sjóði.
2. *Greiðslumark lögbýlis* er tiltekið magn kindakjöts, mælt í kílógrömmum, sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli samkvæmt búvörusamningi og veitir rétt til beinnar greiðslu úr ríkis-sjóði.
3. *Heildargreiðslumark sauðffjárafurða* er tiltekið magn kindakjöts, mælt í tonnum, sem ákveðið er samkvæmt búvörusamningi með tilliti til heildarneyslu innan lands og skiptist milli lögbýla eftir greiðslumarki þeirra.

Úr lögum nr. 159/2012:

2. gr.

...

j. Við bætast fjórir nýir töluliðir, svohljóðandi:

13. *Fjármálagerningur*: Fjármálagerningar sem taldir eru upp í 2. tölul. 2. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti.
14. *Kerfisstjóri*: Sú eining eða einingar sem bera lagalega ábyrgð á rekstri kerfis. Kerfisstjóri getur jafnframt verið milligönguaðili, greiðslujöfnunarstöð eða uppgjörsaðili.
15. *Rekstrarsamhæfð kerfi*: Tvö eða fleiri kerfi þar sem kerfisstjórnarnir hafa komið á fyrirkomulagi sín á milli sem felur í sér fullnustu fyrir mæla milli kerfa.
16. *Viðskiptadagur*: Nær yfir uppgjör að nóttu jafnt sem degi og tekur til allra atburða innan viðskiptalotu kerfis.

Nýtt tollskrárnúmer.*Úr lögum nr. 93/2018:*

1. gr.

Við undirlið nr. 0401.20 í tollskrá í viðauka I við lögina bætist nýtt tollskrárnúmer, svohljóðandi:

	A	A1	E
	%	kr./kg	%
0401.2008 --- Móðurmjólk fyrir hvítvoðunga			0

Nýr viðauki.

Kemur aftast, á eftir öllum breytingum á lögnum, nema á lagaheiti; á undan gildistökgrein.

Kemur á eftir nýju ákvæði til bráðabirgða sem bætt er við heildarlögin.

Kemur á undan innleiðingargrein sem er alltaf næst á undan gildistökgrein.

Úr lögum nr. 160/2012:

8. gr.

Við lögina bætist nýr viðauki, viðauki V, svohljóðandi:

...

Úr lögum nr. 81/1996:

3. gr.

Við lögina bætist nýr viðauki, svohljóðandi:

Viðauki.

Til iðnaðar skv. 1. mgr. 2. gr. skulu teljast eftirtaldar atvinnugreinar samkvæmt Íslenskri atvinnugreinaflokkun, ÍSAT 95:

10 Kolanám og mótvinnsla.

11 Vinnsla á hráolíu, jarðgasi o.fl.

12 Nám á úran- og þórínmalmsgrýti.

...

Úr lögum nr. 73/2008:

4. gr.

Við lögin bætist nýr viðauki, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

VIÐAUKI I

Flokkar raf- og rafeindatækja.

Raf- og rafeindatæki sem hönnuð eru til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1.000 volt þegar um er að ræða riðstraum og ekki yfir 1.500 volt þegar um er að ræða jafnstraum:

...

BROTTFALL**Brottfall greinar (greina).**

Grein (greinar) er felld brott í heild. Tiltekið er nákvæmlega um hvaða grein (greinar) er að ræða. Ef annað er ekki tekið fram breytist greinatala eftirfarandi greina ekki, heldur stendur greinin tóm. Athugið að fyrirögn þarf að fella brott sérstaklega, annars stendur hún eftir með tómri grein. Stundum er þess þó getið að greinatalan breytist, helst ef lögin eru stutt eða þegar felld er brott grein eða greinar aftarlega í þeim. Textinn er hafður í framsöguhætti.

Úr lögum nr. 9/1995:

18. gr. laganna fellur brott. 7. gr.

Úr lögum nr. 4/1992:

9. og 10. gr. laganna falla brott. 8. gr.

Úr lögum nr. 19/2020:

3.–7. gr. laganna falla brott. 13. gr.

Brottfall greinarfyrirsagnar.

Athuga þarf að greinarfyrirsögn telst ekki hluti lagagreinar. Ef grein er felld brott en ekki fyrirögnin stendur sú fyrirögn eftir með tómri grein í lagasafninu.

Úr lögum nr. 58/2019:

41. gr. a laganna fellur brott, ásamt fyrirögn. 8. gr.

Úr lögum nr. 114/2012:

7. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirögn. 2. gr.

Brottfall málsgreinar (málsgreina).

Málsgrein (málsgreinar) er felld brott. Málsgreinar standa tómar eftir sé ekki kveðið á um annað. Hafa verður gætur á tilvísunum ef málsgreinar eru samein-
aðar í eina. — Texti er hafður í framsöguhætti. — Athugið að breytingin „Í stað
1. og 2. mgr. kemur ný málsgrein“ gæti kallað á breytingu á millivísunum í
lögnum, jafnvel í öðrum lögum. Séu málsgreinar í grein aðeins tvær nefnast þær
ekki fyrri og síðari málsgrein, heldur 1. og 2. mgr.

Úr lögum nr. 45/1995:

5. gr.

2. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.

Tvær eða fleiri málsgreinar falla brott – dæmi:

2. og 3. mgr. 50. gr. laganna falla brott.

3.–5. mgr. 74. gr. laganna falla brott.

Brottfall málsliðar (málsliða).

Einn eða fleiri málsliðir eru felldir brott. Þar sem málsliðir eru ekki tölusettir
er óþarft að tilgreina breytingar á röð þeirra. Hafa verður gætur á tilvísunum.
Framsöguháttur er notaður.

Úr lögum nr. 51/1994:

1. gr.

3. másl. 1. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

Úr lögum nr. 9/1995:

20. gr.

2.–4. másl. 1. mgr. 114. gr. laganna falla brott.

Brottfall töluliðar (staflíðar).

Einn eða fleiri töluliðir (staflíðir) eru felldir brott í heild. Töluröð (stafaröð) breytist ekki nema þess sé getið. Brottfallnir tölu- og staflíðir standa tómir í lagasafni.

Úr lögum nr. 35/1995:

5. gr.

3. tölul. 10. gr. laganna fellur brott.

Úr lögum nr. 124/1993:

1. gr.

D-liður 1. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.

Tveir eða fleiri töluliðir falla brott – dæmi:

2. og 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

3.–6. tölul. 4. gr. laganna falla brott.

Orð fellt (felld) brott.

Eitt eða fleiri orð (eða tölur) eru felld brott. Taka skal skýrt fram hvaða orð falla brott og tilgreina nákvæmlega hvar þau eru.

Úr lögum nr. 49/2020:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. laganna:

- a. Orðin „og skipa yfir 5 brúttótonnum sem skrásett eru hér á landi“ í 1. másl. falla brott.
- b. Orðin „eða skipa yfir 5 brúttótonnum“ í 2. másl. falla brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. 3. mgr. fellur brott.
- b. Orðin „eða skipi yfir 5 brúttótonnum“ í 4. og 5. mgr. falla brott.

Úr lögum nr. 9/1995:

21. gr.

Orðin „með þeirri undantekningu, er getur í 24. gr.“ í 1. mgr. 127. gr. laganna falla brott.

Úr lögum nr. 35/1995:

4. gr.

Orðin „og 6. gr.“ í 9. gr. laganna falla brott.

Brottfall kafla.

Einn eða fleiri kaflar eru felldir brott í heild. Stundum er tiltekið að kafla- og greinatala breytist. Fyrirsögn er ekki hluti kafla eða greinar.

Úr lögum nr. 153/2019:

18. gr.

V. kafli laganna ásamt fyrirsögn fellur brott.

Úr lögum nr. 44/2013:

1. gr.

II. kafli laganna, **Um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins**, fellur brott.

Úr lögum nr. 88/2015:

7. gr.

IV. kafli laganna, **Slysatryggingar**, fellur brott, ásamt fyrirsögn og millifyrirsögnum.

Brottfall kaflafyrirsagnar en ekki innihalds (breytingar á greinum kaflans koma á undan):

Dæmi: Fyrirsögn I. kafla laganna fellur brott.

Úr lögum nr. 59/2013:

5. gr.

...
f. 116. og 117. gr. laganna færast fremst í XVI. kafla.
g. Fyrirsögn XV. kafla laganna fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða fellt brott.

Fyrir kemur að ákvæði til bráðabirgða eru felld brott. Þau standa þá tóm í laga-safni. Algengt er að bráðabirgðaákvæði standi í lögum þó að þau eigi ekki lengur við.

Úr lögum nr. 25/2020:

12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögnum fellur brott.

Úr lögum nr. 89/1991:

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögnum fellur brott.

Úr lögum nr. 59/2013:

17. gr.

...
g. 2. og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum falla brott.

Úr lögum nr. 19/2011:

16. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I, III–XI, XIV og XV í lögnum falla brott.

Brottfall viðauka.

Úr lögum nr. 58/2011:

21. gr.

Viðauki I við lögin fellur brott.

Úr lögum nr. 19/2011:

17. gr.

Viðauki við lögin, **Afhendingarstaðir til dreifiveitna úr flutningskerfi skv. 6. tölul. 3. gr.**, fellur brott.

MARGÞÆTTAR BREYTINGAR

Oft eru gerðar fleiri en ein breyting á greinum. Eru þær þá sundurgreindar í staflíði. Sömu reglur gilda um þær og stakar breytingar sem skýrðar hafa verið hér að framan. Alla jafna breytir hver grein einni lagagrein.

Úr lögum nr. 132/2019:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 66. gr. laganna:

- a. Í stað „8.400.000 kr.“ og „22,5%“ í 1. tölul. kemur: 3.962.699 kr.; og: 17%.
- b. 2. tölul. orðast svo: Af næstu 7.162.346 kr. reiknast 23,5% tekjuskattur.
- c. Í stað „8.400.000 kr.“ í 3. tölul. kemur: 11.125.045 kr.
- d. 4. tölul. orðast svo: Sé tekjuskattsstofn annars samskattaðs aðila hærri en 11.125.045 kr. skal það sem umfram er skattlagt með 23,5% skatthlutfalli allt að helmingi þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattsstofn þess tekjulægri er undir 11.125.045 kr., þó reiknast 23,5% skatthlutfall aldrei af hærri fjárhæð en 3.581.173 kr. við þessar aðstæður.
- e. Orðin „og 5. mgr.“ í 6. tölul. falla brott.

Úr lögum nr. 141/2019:

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Ráðherra skipar tollstjóra“ í 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri skipar tollgæslustjóra.
- b. 1. og 2. másl. 2. mgr. orðast svo: Ríkisskattstjóri skipar tollverði til fimm ára í senn til starfa hjá Tollgæslu Íslands. Ríkisskattstjóri ræður auk þess aðra starfsmenn til starfa við tollframkvæmd hjá embættinu.
- c. Í stað orðanna „Tollstjóra“ í 1. másl. 3. mgr. og „tollstjóra“ í 2. másl. sömu málsgreinar kemur: Ríkisskattstjóra; og: ríkisskattstjóra.

68. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

- a. Orðin „tollstjóra eða til“ í 2. másl. 1. mgr. falla brott.
- b. Í stað orðanna „Tollstjóri eða ríkisskattstjóri“ í 5. másl. 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
- c. 2. mgr. fellur brott.
- d. Á eftir orðinu „ákvæðum“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: 118. gr. tollalaga, nr. 88/2005, og.

Úr lögum nr. 34/2020:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „vindorku, námur og önnur jarðefni“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: og vindorku.
- b. Á eftir 2. másl. 3. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þó þarf samþykki ráðherra fyrir allri nýtingu náma og annarra jarðefna.
- c. 3. másl. 4. mgr. fellur brott.
- d. Í stað orðanna „hliðstæðra verkefna innan þjóðlendna samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar“ í 4. másl. 4. mgr. kemur: uppbyggingar innviða, landbóta, umsjónar, eftirlits, skipulagsáætlanagerðar og sambærilegra verkefna innan þjóðlendna samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.
- e. 2. másl. 5. mgr. fellur brott.

...

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist: sbr. þó 10. gr. a.
- b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Vilji ráðherra auka við kröfur ríkisins í máli sem er til meðferðar hjá óbyggðanefnd getur nefndin heimilað að hinar auknu kröfur komi til úrlausnar ef það verður ekki metið ríkinu til vanrækslu að hafa ekki gert kröfur sínar í einu lagi í öndverðu og hinar auknu kröfur seinka ekki málsmeðferð um of að mati nefndarinnar. Um kynningu á hinum auknu kröfum og kröfulýsingarfrest annarra sem telja til eignarréttinda fer skv. 2. mgr.

Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra. Jafnframt er nefndinni heimilt að taka til meðferðar almenninga stöðuvatna á landinu öllu. Um málsmeðferð fer eftir lögum þessum.

BANDORMAR

Stundum breyta ein breytingalög mörgum lögum, svonefndir „bandormar“. Þá eru breytingarnar venjulega efnislega tengdar; lagasetning (svo sem lagasetning um tilflutning valdsviðs eða sameiningu stofnana) kann að kalla á breytingar á fjölda annarra laga. Einnig eru oft notaðir bandormar þegar ráðgerðar eru aðgerðir í efnahagsmálum (ráðstafanir í ríkisfjármálum) og breyta þarf fjölda laga til að ná tilætluðum áhrifum. Breytingunum er skipt í kafla eftir lögum, með fyrir-sögnum.

Númeraðir kaflar, ein lög í hverjum kafla:

Úr lögum nr. 21/2020:

I. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:
Neytendastofa, undir yfirstjórn ráðherra, fer með eftirlit samkvæmt lögum þessum einkum í þágu neytenda.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður sem verður 1. málsl., svohljóðandi: Neytendastofa ákveður hvort erindi sem berst gefi nægar ástæður til rannsóknar.

...

II. KAFLI

Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 18. gr. laganna:

- a. 1. málsl. orðast svo: Lyfjastofnun getur krafð einstaklinga, lögaðila og stofnanir um skriflegar upplýsingar og gögn vegna ætlaðra brota á ákvæðum 13.–17. gr., án tillits til þagnarskyldu, og skulu þau veitt innan hæfilegs frests sem Lyfjastofnun setur.
- b. Á eftir orðinu „varðveitt“ í 2. málsl. kemur: og lagt hald á gögn.

...

III. KAFLI

Breyting á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum.

14. gr.

Á eftir 74. gr. a laganna kemur ný grein, 74. gr. b, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Framfylgdarheimildir vegna óumbeðinna fjarskipta.

Ef brotið er gegn ákvæðum 46. gr. gilda ákvæði 20. gr. a, 20. gr. b, 2. mgr. 21. gr. c, 22.–25. gr., 25. gr. a og 27. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005,

um málsmeðferð og heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til að framkvæma vettvangskönnun og prufukaup, grípa til aðgerða, leggja á sektir og dagsektir og krefjast lögbanns.

Ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar skv. 1. mgr. verður skotið til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um fjarsölu á fjármálaþjónustu, nr. 33/2005, með síðari breytingum.

15. gr.

Við 2. másl. 20. gr. laganna bætist: ef ekki er mælt fyrir um annað í lögum þessum.

...

V. KAFLI

Breyting á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011, með síðari breytingum.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. Orðið „fjölmiðlaveitu“ í 1. másl. 2. mgr. fellur brott.
- b. Í stað orðanna „þegar ríkar ástæður eru“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: og lagt hald á gögn enda séu ríkar ástæður.
- c. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjölmiðlanefnd getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafð einstaklinga, lögaðila og stofnanir um skriflegar upplýsingar og gögn vegna ætlaðra brota gegn VI. kafla er varða viðskiptaboð og fjarkaup.

Fjölmiðlanefnd getur keypt vörur og þjónustu, undir fölsku nafni og auðkenni, til að koma upp um brot gegn ákvæðum VI. kafla er varða viðskiptaboð og fjarkaup og afla upplýsinga og gagna sem nauðsynleg þykja við athugun einstakra mála. Fjölmiðlanefnd getur krafist endurgreiðslu vegna kaupanna nema það hafi í för með sér verulegt óhagræði fyrir seljanda.

...

Úr lögum nr. 161/2020:

I. KAFLI

Breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir orðinu „þinglýsinga“ tvívegis í 5. mgr. 5. gr. laganna kemur: og aflýsinga.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. másl. kemur nýr málslíður sem orðast svo: Veðskuldabréf og tryggingarbréf skulu ávallt árituð um veðbreytinguna.
- b. Í stað orðsins „handhafabréf“ í 2. másl. kemur: þinglýsingu á skjali.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist: eða aflýsing fer fram með rafrænni færslu.
- b. Orðin „sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum um aukatekjur ríkissjóðs“ í 2. mgr. falla brott.

II. KAFLI

**Breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna,
nr. 6/2001, með síðari breytingum.**

4. gr.

Við lög in bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Í þeim tilvikum þegar kröfuhafi er ríkissjóður, opinber stofnun, banki, sparisjóður, lífeyrissjóður, tryggingafélag eða verðbréfasjóður ber kröfuhafa ekki, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 24. gr., að greiða gjald fyrir vélrænar fyrirspurnir úr þinglýsingabók ef fyrirspurnin er nauðsynleg og í beinum tengslum við leiðréttingu á skráningu kröfuhafa og fyrir liggur þjónustusamningur við Þjóðskrá Íslands.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Úr lögum nr. 134/2012:

I. KAFLI

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað ártalsins „2012“ í 14. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: 2013.

II. KAFLI

Breyting á lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað orðanna „á árinu 2012“ í ákvæði til bráðabirgða V í lögunum kemur: á árinu 2013.

III. KAFLI

Breyting á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

3. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 2012 til og með 31. desember 2012“ í ákvæði til bráðabirgða VI í lögunum kemur: 1. janúar 2013 til og með 31. desember 2013.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2013.

Ekki kaflaskipt:

Úr lögum nr. 52/1994:

Breytingar á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

22. Að endurgreiða eða fella niður toll af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa töluliðar að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra.

Breytingar á lögum um vörugjald, nr. 97/1987, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Fjármálaráðherra er enn fremur heimilt að endurgreiða eða fella niður vörugjald af innlendu hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara og garðyrkjuafurða. Ráðherra kveður nánar á um framkvæmd þessarar málsgreinar í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó er heimilt að láta ákvæði 1. gr. taka til innfluttra vara sem tollafgreiddar hafa verið frá 1. janúar 1994 og ákvæði 2. gr. taka til innlendra vara sem seldar hafa verið frá sama tíma.

HEITI BREYTINGALAGA

Í heiti breytingalaga kemur fram rétt heiti laganna sem breyta skal og gjarnan númer og ár (dagsetning er ekki nauðsynleg). Þó er ekkert á móti því, ef breyta á fleiri en einum lögum, að telja þau upp án laganúmera (enda eru þau þá tilgreind sérstaklega í kaflafyrirsögnum breytingalaganna). Enn fremur er stundum vísað til þegar gerðra breytinga á lögnum (númera breytingalaga), sérstaklega þegar þau breyta greinum sem breyta á með viðkomandi breytingalögum. Þetta er frekar óalgengt núorðið, enda auðvelt að rekja gerðar breytingar í lagasafninu. (Sjá bls. 8.) Oft er vísað til „síðari breytinga“ aftan við upptalningu á lögum sem breyta á. Efnisgreining kemur síðast, í sviga, sjá sérstakan kafla um efnisgreiningar hér á eftir.

Úr lögum nr. 147/2019:

Lög um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999, með síðari breytingum (Grænland og Færeyjar).

Úr lögum nr. 54/2013:

Lög um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (eignarhaldsreglur og endurbætur).

Úr lögum nr. 114/2012:

Lög um breytingu á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, nr. 45/2007, með síðari breytingum (réttur til launa í veikindum).

Fyrir kemur að sett eru lög sem breyta breytingalögum; slíkt er þó sjaldgæft. Það er stundum gert ef breytingalögin hafa ekki öðlast gildi og breytingin hefur reynst óþörf eða aðstæður hafa breyst.

Úr lögum nr. 144/2012:

Lög um breytingu á lögum nr. 61/2012, um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (frestun gildistöku o.fl.).

Úr lögum nr. 113/2012:

Lög um breytingu á lögum nr. 80/2011, um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum (frestun tilfærslu).

Heiti bandorma:

Úr lögum nr. 33/2020:

Lög um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (staðgreiðsla, álagning o.fl.).

Úr lögum nr. 15/2013:

Lög um breytingu á lögum um dómstóla, lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála (endurupptökunefnd).

Bandormar geta heitið eftir efni sínu (t.d. ráðstafanir í ríkisfjármálum) fremur en að talin séu upp í heiti öll lög sem breyta skal.

Úr lögum nr. 135/2019:

Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2020.

Úr lögum nr. 117/2019:

Lög um breytingu á ýmsum lagaákvæðum vegna sameiningar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins.

Úr lögum nr. 59/2013:

Lög um breytingar á ýmsum lögum vegna nýrra samgöngustofnana.

Úr lögum nr. 144/2019:

**Lög um breytingu á ýmsum lögum um matvæli
(einföldun regluverks og EES-reglur).**

Komi númer laganna sem breyta á ekki fyrir í heitinu er þeirra getið í texta breytingalaganna, inngangsmálgreinum eða greina- eða kaflaheitum eftir því sem við á.

Úr lögum nr. 160/2012:

**Lög um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum
og tollalögum (úthlutun tollkvóta og fódursjóður).**

I. KAFLI

**Breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum,
nr. 99/1993, með síðari breytingum.**

...

II. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

Úr lögum nr. 21/2013:

**Lög um breytingu á tollalögum, lögum um vörugjald og lögum um virðisaukaskatt,
með síðari breytingum (dreifing gjalddaga).**

I. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

...

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

...

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Efnisgreiningar breytingalagafrumvarpa.

Í fyrirsögnum breytingalagafrumvarpa er alla jafna efnisgreining sem verður þá síðar í heiti breytingalaganna. Ekki er nauðsynlegt að greiningin nái yfir öll efnisatriði frumvarpsins, enda er henni ætlað að aðgreina það frá öðrum frumvörpum sem breyta eiga sömu lögum. Efnisgreiningin er höfð í sviga aftast í fyrirsögninni; hún á að vera stutt og hnitmiðuð, eitt, tvö eða örfá stikkorð, lýsandi fyrir efni frumvarpsins.

Úr lögum nr. 48/2020:

Lög um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, með síðari breytingum (neyslurými).

Úr lögum nr. 19/2020:

Lög um breytingu á ýmsum lögum varðandi leyfisveitingar (einföldun regluverks).

Úr lögum nr. 161/2019:

Lög um breytingu á þinglýsingalögum og lögum um skráningu og mat fasteigna (aflýsingar).

Úr lögum nr. 146/2019:

Lög um breytingu á vegalögum, nr. 80/2007, með síðari breytingum (framlenging).

Úr lögum nr. 21/2013:

Lög um breytingu á tollalögum, lögum um vörugjald og lögum um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (dreifing gjalddaga).

GILDISTÖKUÁKVÆÐI

Gildistökuákvæði eru aftast í lögum, þó á undan grein um breytingar á öðrum lögum og ákvæðum til bráðabirgða sem eiga við breytingalögin. Eigi breytingar á ákvæðum breytingalaga (greinum eða köflum) ekki að öðlast gildi á sama tíma er talið upp í gildistökgrein hvenær einstök ákvæði, greinar eða kaflar, eiga að öðlast gildi og, ef um það er að ræða, koma til framkvæmda (aðallega í frumvörpum um ráðstafanir í ríkisfjármálum og breytingar á tekjuskatts- og skattalögum). Gildistökgreinin er alla jafna ekki í sérkafla.

Nokkur dæmi um gildistökuákvæði. Algengast er að lög öðlist þegar gildi sem kallað er – eða að dagsetning sé ákveðin sem gefur aðlögunartíma. Þegar lög öðlast „þegar gildi“ merkir það næsta dag eftir birtingu í Stjórnartíðindum.

Úr lögum nr. 85/1996:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Úr lögum nr. 107/1996:

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Úr lögum nr. 105/1996:

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1996, nema ákvæði 2. gr. sem öðlast þegar gildi.

Úr lögum nr. 101/1996:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996. Þó skal 5. efnismgr. 3. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. febrúar 1997.

Úr lögum nr. 42/2012:

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skal 3. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. október 2012.

Úr lögum nr. 153/1994:

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1996 á tekjur ársins 1995.

Brottfall laga sem breytt er: Ákvæði um brottfall laganna síðar, eftir að aðlögunartími er liðinn, eru yfirleitt höfð í gildistökugreininni (sólarlagsákvæði). Sjá kafla um sólarlagsákvæði hér á eftir (sjá bls. 89).

Úr lögum nr. 63/1996, um breytingu á lögum um Iðnþróunarsjóð:

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, með síðari breytingum, falla úr gildi 31. desember 1997.

Úr lögum nr. 28/2011, um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð:

11. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um landlækni og lýðheilsu.**

II. KAFLI

Brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð.

12. gr.

Lög nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, falla úr gildi.

Ráðstafanir tengdar gildistöku: Ákvæði um ráðstafanir tengdar gildistöku laganna og jafnvel brottfall laganna sem er verið að breyta má ýmist setja í gildistökugreinina eða í sérstaka grein aftan við hana; stundum er sett ákvæði til bráðabirgða (lagaskil).

Úr lögum nr. 23/1996, um breytingu á lögum um landflutningasjóð:

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1996. Öllum eignum landflutningasjóðs skal ráðstafa í samræmi við tilgang hans innan átta ára frá gildistöku laga þessara. Lög um landflutningasjóð falla úr gildi 1. júní 2004.

Gildistökuákvæði er að jafnaði stök grein, ekki kafli, þótt frumvarpið skiptist að öðru leyti í kafla. Í því geta einnig verið ákvæði um hvernig farið skuli með mál sem upp hafa komið fyrir gildistöku breytingalaganna en þarf að afgreiða eftir gildistökuna. Ákvæði um lagaskil (mörk eldri og yngri laga) tilgreina hvað falli undir nýju lögin og hvað gömlu lögin. Er þá mögulega kveðið á um afturvirkni þeirra eða einstakra ákvæða þeirra. Slík ákvæði eru einnig sett sem ákvæði til bráðabirgða eða stök grein á eftir gildistökugreininni.

Úr lögum nr. 147/1997:

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara skulu gilda um þá feður sem geta nýtt sér rétt samkvæmt lögunum við gildistöku þeirra.

Úr lögum nr. 36/1996, um breytingu á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, og fleira:

IV. KAFLI
Gildistökuákvæði.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1996.

31. gr.

Lög þessi eiga við um einkaleyfisumsóknir sem lög nr. 17/1991 taka til og eru til meðferðar hjá einkaleyfayfirvöldum við gildistöku þessara laga. Hafi verið send tilkynning um að fallist sé á framlagningu umsóknar fyrir gildistöku þessara laga fer um meðferð þeirrar umsóknar eftir ákvæðum laganna fyrir breytingu.

Ákvæði 7. gr. laga þessara á ekki við um einkaleyfi sem veitt voru áður en lög þessi tóku gildi.

Ákvæði 13. og 14. gr. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 17/1991 eiga við um umsóknir sem lagðar voru inn fyrir gildistöku laga þessara.

...

Flókin gildistökgreinin. Í flóknum gildistökgreinum er mikilvægt að nota tölu-liði eða stafliði svo að auðveldara sé að breyta þeim í meðförum þingsins.

Úr lögum nr. 59/2017:

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda sem hér segir:

1. Ákvæði 1. gr., a-liðar 2. gr., 5., 7., 8., 12.–15. og 17. gr. öðlast þegar gildi.
2. Ákvæði 3. gr. öðlast gildi og kemur til framkvæmda 1. janúar 2018.
3. Ákvæði b- og c-liðar 2. gr. og 6. gr. öðlast gildi 1. janúar 2018 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2019.
4. Ákvæði 4. gr. öðlast gildi 1. janúar 2017 og kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2018 nema a-liður 1. mgr. greinarinnar sem öðlast gildi 1. janúar 2018 og kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2019.
5. Ákvæði 9.–11., 16. og 18.–25. gr. öðlast gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 2017.

Úr lögum nr. 146/2012:

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda sem hér segir:

- a. 1., 5., 7., 15.–19., 21.–23., 27., 28. og 32. gr. öðlast gildi 1. janúar 2013.
- b. A- og d-liður 2. gr. öðlast gildi 1. september 2013 og taka til afhendingar og útleigu hótél- og gistisherbergja og annarrar gistipjónustu frá og með þeim degi. B-liður 2. gr. öðlast gildi 1. janúar 2013. C-liður 2. gr. og 34. gr. öðlast gildi 1. júlí 2013.
- c. 3., 8.–13., 20., 24.–26., 29., 31. og 33. gr. öðlast þegar gildi.
- d. 4. gr. öðlast gildi 1. janúar 2013 og kemur til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 2013 og álagningu á árinu 2014.
- e. 6. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við ákvörðun barnabóta í fyrirframgreiðslu og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2013.
- f. 14. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda í staðgreiðslu vegna launagreiðslna frá og með 1. janúar 2013.
- g. 30. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2013 vegna tekna ársins 2012.

ENDURÚTGÁFA LAGA

Í gildistökuákvæði breytingalaga er stundum ákvæði um að breytingarnar skuli fella inn í heildarlögin og að þau skuli síðan gefin út þannig breytt, með nýju laganúmeri. Slíkt gat verið æskilegt þegar breytingasagan var orðin flókin. Þetta hefur sárasjaldan verið gert í seinni tíð; oftar eru sett ný heildarlög og fyrri lög felld úr gildi.

Dæmi um fyrirmæli um endurútgáfu:

Úr lögum nr. 45/2014:

21. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um lífsýnasöfn og söfn heilbrigðisupplýsinga.**

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2015. Þó öðlast 3. tölul. 20. gr. þegar gildi. Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög um lífsýnasöfn, nr. 110 25. maí 2000, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum.

Við gildistöku laga þessara kemur nýr staflíður á eftir f-lið 1. mgr. 4. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, með síðari breytingum, svohljóðandi: að hafa eftirlit með starfsemi lífsýnasafna og safna heilbrigðisupplýsinga í samræmi við lög um lífsýnasöfn og söfn heilbrigðisupplýsinga.

Úr lögum nr. 166/2006:

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál I. kafla þeirra inn í lög nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og meginmál II. kafla þeirra inn í lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum og samfelldri röð töluliða, stafliða og ákvæða til bráðabirgða sem enn hafa gildi. Við útgáfuna skulu allar fjárhæðir og tekjumörk sem breytt hefur verið með reglugerðum uppfærð og miðast við útgáfudag laganna.

Á sama tíma skal gefa út lög nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, með samfelldri greinatölu og samfelldri röð töluliða, stafliða og ákvæða til bráðabirgða sem enn hafa gildi. Við útgáfuna skulu allar fjárhæðir sem breytt hefur verið með reglugerðum uppfærðar og miðast við útgáfudag laganna.

Úr lögum um 36/2011:

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2011.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál I. kafla þeirra inn í lög um landlækni, nr. 41 27. mars 2007, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum.

Úr lögum nr. 22/2003:

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 75/1981, um tekju-skatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum og samfelldri röð töluliða, stafliða og ákvæða til bráðabirgða sem enn hafa gildi.

ENDURSKOÐUNARÁKVÆÐI

Stundum er sett ákvæði í breytingalög um endurskoðun þeirra laga sem verið er að breyta eða ákvæðanna sem breytt er. Það er aftast í lögnum, með gildistökuákvæði, eða sem ákvæði til bráðabirgða.

Úr lögum nr. 88/2018:

Ákvæði til bráðabirgða.

...

II.

Lög þessi skulu endurskoðuð í ljósi reynslunnar þegar vinnu við gerð strandsvæðisskipulags samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I er lokið en þó eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku laga þessara. Við þá endurskoðun verði m.a. horft til afmörkunar haf- og strandsvæða landmegin, viðmiðunarlínu ytri afmörkunar strandsvæðisskipulags, stjórnar og framkvæmdar skv. 4. gr. og skipanar svæðisráða skv. 5. gr.

Úr lögum nr. 102/1993:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara skal taka til endurskoðunar fyrir 10. október 1994.

Úr lögum nr. 56/2011:

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Úr lögum nr. 142/2010:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka þau til krafna við gjaldþrotaskipti sem er ólokið. Hafi skiptum á þrotabúi lokið fyrir gildistöku laga þessara fynast kröfur, sem þar fengust ekki greiddar og ekki eru fyrndar, á tveimur árum frá gildistöku laganna nema skemmri tími standi eftir af fyrningarfresti. Fyrningu þessara krafna verður aðeins slitið eftir reglum þessara laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skulu endurskoðuð innan fjögurra ára frá gildistöku.

LETURBREYTINGAR

Eigi að breyta kafla- eða greinarfyrirsögn skal þess gætt að nota sömu leturgerð og notuð er í lögum sem breyta skal, kaflafyrirsagnir feitlettraðar, greinarfyrirsagnir skálettraðar. Sama gildir um breytingar á lagaheitum; þau skulu vera feitlettruð. Miðað skal við Stjórnartíðindi.

Úr lögum nr. 21/2020:

2. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna verður: **Viðskiptahættir gagnvart neytendum.**

3. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Góðir viðskiptahættir o.fl.**

Úr lögum nr. 86/2019:

2. gr.

II. kafli laganna, sem hefur fyrirsögnina **Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og aðlögun að loftslagsbreytingum**, orðast svo:

a. (5. gr.)

Aðgerðaáætlun.

Ráðherra lætur gera aðgerðaáætlun í loftslagsmálum þar sem setja skal fram aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu hér á landi. Í aðgerðaáætluninni skal koma fram mat á áætluðum kostnaði ásamt mati á loftslagsávinningi af framkvæmd aðgerðanna sem þar eru lagðar til.

...

Úr lögum nr. 37/2019:

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „sammingsviðræðum“ í 1. og 2. mgr. kemur: samkeppnisviðræðum.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Frestir í lokuðu útbóði, samkeppnisútbóði, samkeppnisviðræðum og nýsköpunarsamstarfi.*

Úr lögum nr. 37/2014:

7. gr.

Á eftir 7. gr. j laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, **Reglur um áburð**, með fimm nýjum greinum, 7. gr. k – 7. gr. o, svohljóðandi, og breytast önnur kaflanúmer samkvæmt því:

...

Úr lögum nr. 149/2012:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „vísindarannsóknir“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: og rannsóknartengt framhaldsnám.
- b. Á eftir orðinu „sjóðurinn“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: nemendur í rannsóknartengdu framhaldsnámi og.

...

- c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Rannsóknasjóður og Innviðasjóður*.

Úr lögum nr. 22/1995:

5. gr.

14. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Tilkynningarskylda lögreglu o.fl.

Þegar grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn annaðhvort af barni eða ungmenni eða gegn því skal lögregla, þegar hún fær slíkt mál til meðferðar, tilkynna það barnaverndarnefnd og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn máls. Barnaverndarnefnd skal tilkynna foreldri barns um slíkt mál mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því.

Nú tekur lögregla skýrslu af barni og skal lögregla þá gefa barnaverndarnefnd kost á að láta fulltrúa sinn eða starfsmann vera viðstaddan skýrslutökuna. Lögregla getur krafist þess telji hún þörf á því. Óski foreldri eftir að vera viðstatt skýrslutöku af barni sínu skal það heimilt, nema lögregla ákveði annað vegna hagsmuna barnsins eða vegna þess að nærvera foreldra er talin geta torveldað rannsókn málsins.

...

Úr lögum nr. 44/2013:

4. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um skiptaverðmæti**.

SKAMMSTAFANIR

Orðin málsliður, málsgrein, töluliður og grein (og samkvæmt) eru skammstöfuð ef númer er hliðstætt orðinu (þ.e. 1. másl., 2. mgr., 3. tölul., 4. gr., skv. 5. gr., en nýr málsliður, ný málsgrein, samkvæmt lögum þessum o.s.frv.). Samanber er alltaf skammstafað, sbr. (+ þolfall).

Málsliður:

Úr lögum nr. 132/2019:

6. gr.

Í stað „8.400.000 kr.“ í 2. másl. 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: 11.125.045 kr.

Úr lögum nr. 55/1995:

1. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er þó að auglýsa lausasölulyf í sjónvarpi.

Málsgrein:

Úr lögum nr. 42/2020:

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Í hverju sveitarfélagi, eða í sveitarfélögum sem eiga samstarf um öldrunarmál og þjónustu við aldraða, skal starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist öldungaráð, þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála.

Úr lögum nr. 135/1994:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við útreikning á fjölda þeirra sem er sagt upp skv. 1. mgr. skal litið á uppsögn ráðningarsamnings einstakra starfsmanna sem jafngilda uppsögnum að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða.

...

3. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Komi fram staðhæfing um brot á kröfum um upplýsingar, samráð og tilkynningar samkvæmt þessum lögum getur atvinnurekandi ekki borið því við að honum hafi ekki borist nauðsynlegar upplýsingar frá fyrirtækinu þar sem ákvörðun um hópuppsagnir var tekin.

Töluliður:

Úr lögum nr. 132/2019:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 66. gr. laganna:

- a. Í stað „8.400.000 kr.“ og „22,5%“ í 1. tölul. kemur: 3.962.699 kr.; og: 17%.
- b. 2. tölul. orðast svo: Af næstu 7.162.346 kr. reiknast 23,5% tekjuskattur.
- c. Í stað „8.400.000 kr.“ í 3. tölul. kemur: 11.125.045 kr.
- d. 4. tölul. orðast svo: Sé tekjuskattsstofn annars samskattaðs aðila hærri en 11.125.045 kr. skal það sem umfram er skattlagt með 23,5% skatthlutfalli allt að helmingi þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattsstofn þess tekjulægri er undir 11.125.045 kr., þó reiknast 23,5% skatthlutfall aldrei af hærri fjárhæð en 3.581.173 kr. við þessar aðstæður.
- e. Orðin „og 5. mgr.“ í 6. tölul. falla brott.

Úr lögum nr. 145/2019:

1. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Skrá um heilabilunarsjúkdóma.

Grein:

Úr lögum nr. 118/2019:

1. gr.

Á eftir 88. gr. laganna kemur ný grein, 88. gr. a, svohljóðandi:

Ef ekki liggur fyrir samþykki eiganda er heimilt að fengnum úrskurði dómara að selja muni eða eignir sem lagt hefur verið hald á eða kyrrsettar í því skyni að tryggja upptöku þeirra eða greiðslu sektar, sakarkostnaðar og annarra krafna ef hætta er á að verðmæti þeirra rýrni á meðan á haldi eða kyrrsetningu stendur. Þegar um er að ræða kyrrsetta eign má í úrskurði jafnframt kveða á um skyldu eiganda eða vörsluhafa til að láta umráð hennar af hendi.

...

Úr lögum nr. 110/1993:

1. gr.

Á eftir 12. gr. kemur ný grein, svohljóðandi:

Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda sem lög þessi taka til, hefja framkvæmdir eða staðfesta skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964, ásamt síðari breytingum, nema ákvæða laga þessara hafi verið gætt.

Samkvæmt:

Úr lögum nr. 70/1995:

6. gr.

18., 19., 20. og 21. gr. laganna falla brott og breytist greinatala samkvæmt því.

Úr lögum nr. 163/2019:

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Ófrávíkjanleg ákvæði.

Ekki er heimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiðir af lögum þessum.

Ekki er heimilt að semja um eða bera fyrir sig að lög annars ríkis takmarki þá vernd sem neytandi nýtur samkvæmt ófrávíkjanlegum ákvæðum laga þessara.

Úr lögum nr. 135/1994:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við útreikning á fjölda þeirra sem er sagt upp skv. 1. mgr. skal litið á uppsögn ráðningarsamnings einstakra starfsmanna sem jafngilda uppsögnum að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða.

Samanber:

Úr lögum nr. 151/1994:

1. gr.

2. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 49/1987, orðast svo:

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 4% af tekjum umfram 75.000 kr. og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

Úr lögum nr. 34/2020:

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist: sbr. þó 10. gr. a.
- b. ...

ANNAD

Breyting á öðrum lögum en þeim sem breytt er (afleiðingarbreyting).

Breytingar á einum lögum geta kallað á breytingar á öðrum lögum, oft smávægilegar, til samræmis. Þær breytingar eru afleiðing hinna fyrri. Ekki þarf sérstök lög til að ná þeim breytingum fram, heldur má koma þeim fyrir í grein (greinum) í lok fyrrnefndu breytingalaganna, á eftir gildistökgreininni eða í henni séu breytingarnar mjög smávægilegar.

Úr lögum nr. 115/2012, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands:

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

5. gr.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á upplýsingalögum, nr. 50/1996, með síðari breytingum: Við 3. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þó skal veita aðgang að gögnum skv. 1. tölul. 4. gr. þegar liðin eru átta ár frá því að gögnin urðu til að frátöldum upplýsingum sem falla undir 5. og 6. gr.

Úr lögum nr. 58/2011:

24. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum:*

- a. 7. gr. laganna fellur brott.
- b. Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
 - a. Orðin „einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum, sbr. viðauka III“ í 1. tölul. 1. mgr. falla brott.
 - b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma bera ábyrgð á þeim rafhlöðum og rafgeymum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn og falla undir viðauka X og XI. Í ábyrgð framleiðenda og innflytjenda felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun á rafhlöðum og rafgeymum að frátalinni söfnun til söfnunarstöðva sveitarfélaga og verslana. Framleiðendur og innflytjendur uppfylla skyldur sínar með því að vörurnar beri úrvinnslugjald.
- c. 1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar sex manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar. Fimm meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu eftirfarandi aðila: einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn sem Samtök iðnaðarins tilnefna, einn sem SVP – Samtök verslunar og þjónustu tilnefna, einn sem

Félag atvinnurekenda tilnefni og einn sem Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni. Varaformaður sem ráðherra skipar, eftir tilnefningu stjórnar, skal koma úr hópi stjórnarmanna. Þurfi atkvæðagreiðslu um afgreiðslu mála ræður atkvæði formanns úrslitum falli atkvæði jöfn.

- d. Ákvæði til bráðabirgða I–III í lögunum falla brott.
 - e. Viðauki III við lög, **Einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum**, fellur brott.
2. *Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*: Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjali I við lög:
- a. 12. tölul. orðast svo: Förgunarstaðir fyrir úrgang.
 - b. 13. tölul. orðast svo: Meðhöndlun og förgun spilliefna, þ.m.t. staðir fyrir námuúrgang.
3. *Lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum*: 4. gr. laganna orðast svo:

Í reglugerð sem umhverfisráðherra setur skal kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, m.a. um fjárhæð, innheimtu og endurgreiðslu skilagjaldsins, gerð og efnisval skilagjaldsskyldra umbúða fyrir drykkjarvörur og upphæð umsýsluþóknunar. Við ákvörðun umsýsluþóknunar skal við það miðað að félagið geti staðið undir kostnaði við starfseminu og skilað hluthöfum hóflegum arði af hlutafé.

Umhverfisráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um bann við notkun og sölu einnota drykkjarvöruumbúða sem ekki er unnt eða torvelt er að endurnota eða endurnýta, kröfur um meðhöndlun notaðra drykkjarvöruumbúða og móttökuskilyrði, ákvæði um skyldu framleiðenda og innflytjenda til að merkja drykkjarvöruumbúðir, m.a. með strikamerkingum, lágmarksmarkmið um endurheimt drykkjarvöruumbúða, endurnýtingu og endurnotkun þeirra, sem félaginu ber að ná árlega, svo og um hlutverk Umhverfisstofnunar við að hafa eftirlit með því að sett markmið náist.

Úr lögum nr. 96/2019:

22. gr.

Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006, með síðari breytingum*: Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar framkvæmd sem fellur undir málsmeðferð skv. 6. gr. eða IV. kafla laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, kallar jafnframt á skipulagsgerð á grundvelli skipulagslaga er heimilt að sameina skýrslugerð um umhverfismat skipulagstillögunnar samkvæmt lögum þessum og skýrslugerð um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Sama gildir um kynningu fyrir almenningi og umsagnaradilum samkvæmt lögum þessum og lögum um mat á umhverfisáhrifum.
2. *Skipulagslög, nr. 123/2010, með síðari breytingum*:
 - a. Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr. 12. gr. laganna:
 1. Í stað orðanna „ef við á“ í 1. másl. kemur: sbr. lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana.
 2. Við bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þegar framkvæmd sem fellur undir málsmeðferð skv. 6. gr. eða IV. kafla laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, kallar jafnframt á skipulagsgerð á grundvelli þessara laga er heimilt að sameina skýrslugerð um umhverfismat skipulagstillögunnar samkvæmt lögum þessum og skýrslugerð um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar samkvæmt lögum

- um mat á umhverfisáhrifum. Sama gildir um kynningu fyrir almenningi og um-sagnaraðilum samkvæmt lögum þessum og lögum um mat á umhverfisáhrifum.
- b. Í stað 2. másl. 2. mgr. 14. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þá skal sveitarstjórn leggja álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar til grundvallar. Sveitarstjórn skal enn fremur taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis í samræmi við ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum.
- c. Við 3. mgr. 45. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá skal kveðið á um hvernig vinna skal að umhverfismati og samþætta það mótun, framsetningu, kynningu og afgreiðslu skipulagstillagna, sbr. lög um umhverfismat áætlana, einnig hvernig samþætta má mat á umhverfisáhrifum framkvæmda samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum við umhverfismat skipulagstillagna, þegar það á við.

„Þrátt-fyrir“-ákvæði.

Fyrir kemur að í lögum er kveðið á um eitthvað (oftast fjárgreiðslur úr ríkissjóði eða af mörkuðum tekjustofni) sem reynist nauðsynlegt að fresta eða víkja frá um tíma, og eru þá gjarnan samþykkt svokölluð „þrátt-fyrir“-ákvæði. Þau mæla fyrir um að framkvæmd fyrrgreindra lagaákvæða gildi ekki um tiltekinn tíma eða þau nái ekki fram að ganga; ákvæðin geta verið sérstök bráðabirgða-ákvæði í lögum.

Úr lögum nr. 87/2020:

1. gr.

Við 27. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. er heimilt að dreifa söluhagnaði á 20 ár þegar um er að ræða hagnað af sölu bújarða þar sem stundaður er landbúnaður.

Úr lögum nr. 148/1994:

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 7. gr. laga um kvikmyndamál, nr. 94/1984, skal framlag til Kvikmyndasjóðs og reksturs Kvikmyndasafns Íslands eigi vera herra en 101,6 m.kr. á árinu 1995.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga um Þjóðarbókhöfðu og endurbætur menningarbygginga, nr. 83/1989, er heimilt að ráðstafa 40 m.kr. af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögnum til reksturs Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns á árinu 1995.

Dæmi um „þrátt-fyrir“-ákvæði sem sérstakt bráðabirgðaákvæði:

Úr lögum nr 25/2020:

VI. KAFLI

Breyting á lögum um gistináttaskatt, nr. 87/2011.

8. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 4. gr. skal ekki innheimta gistináttaskatt af sölu gistingar sem veitt er á tímabilinu 1. apríl 2020 til og með 31. desember 2021.

Fari afhending gistiþjónustu fram eftir 31. mars 2020 skal ekki innheimta gistináttaskatt á því tímabili sem um ræðir í 1. mgr. Þetta gildir án tillits til þess hvort samningur um sölu gistiþjónustu hefur verið gerður fyrir 1. apríl 2020.

b. (II.)

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr. skal gjalddagi gistináttaskatts vegna uppgjörstímabilanna janúar og febrúar annars vegar og mars og apríl hins vegar á árinu 2020 vera 5. febrúar 2022.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða VIII í lögnum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 11. og 12. gr. er réttthafa séreignarsparnaðar heimilt á tímabilinu 1. apríl 2020 til 1. janúar 2021 að sækja um útgreiðslu séreignarsparnaðar, sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla, til vörsluaðila skv. 3.–5. mgr. 8. gr. og skal greiðslum háttáð eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði þessu.

...

Úr lögum nr. 37/2020:

6. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 13. gr. b er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga heimilt að nýta allt að 1.500 millj. kr. úr fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til greiðslu almennra jöfnunarframlaga skv. c-lið 9. gr., jöfnunarframlaga vegna reksturs grunnskóla skv. d-lið 9. gr., jöfnunarframlaga vegna þjónustu við fatlað fólk skv. e-lið 9. gr., bundinna framlaga skv. a- og b-lið 10. gr. og fasteignaskattsframlaga skv. d-lið 11. gr. á árinu 2020. Til að jafna stöðu fasteignasjóðs skal Jöfnunarsjóður halda eftir hluta af sömu framlögum á tímabilinu 2021–2028 eða þar til staða fasteignasjóðs hefur verið jöfnuð út.

Úr lögum nr. 21/2013:

II. KAFLI

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. er á gjalddaga virðisaukaskatts vegna uppgjörstímabila á árinu 2013, sbr. 1. mgr. 24. gr., heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað, sbr. ákvæði til bráðabirgða X í tollalögum, nr. 88/2005.

Úr lögum nr. 11/1993:

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. situr stjórn Verðbréfaþings Íslands við gildistöku laga þessara til loka febrúar 1994.

Sólarlagsákvæði.

Fyrir kemur að í breytingalögum er ákvæði um gildistíma þeirra eða tiltekinna ákvæða þeirra, þ.e. hversu lengi þeirra er þörf, hvenær þau skuli falla brott. Slík ákvæði geta verið í gildistökgrein, í ákvæði til bráðabirgða eða í ákvæði sem breytir öðru sólarlagsákvæði.

Úr lögum nr. 21/2012:

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla úr gildi 31. desember 2014.

Úr lögum nr. 28/2013:

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2013 og gilda til 31. maí 2018.

Úr lögum nr. 16/2013:

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða I í lögumum:

- a. Í stað orðanna „Fram til 31. desember 2013 getur Seðlabankinn“ kemur: Seðlabankinn getur.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra skal birta opinberlega greinargerð um framgang áætlunar um losun takmarkana á fjármagnshreyfingum milli landa og gjaldeyrisviðskiptum á sex mánaða fresti þar til

slíkum takmörkunum verður endanlega aflétt. Greinargerð skv. 1. másl. skal birta í fyrsta sinn innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.

8. gr.

Orðin „fram til 31. desember 2013“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögnum falla brott.

Úr lögum nr. 138/2012:

5. gr.

Við lögin bætist ný grein, 46. gr., svohljóðandi:

Ef sérstaklega stendur á vegna anna má ráðherra, þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. 8. gr., skipa varadómara samkvæmt tillögu forseta Hæstaréttar til að taka sæti í tilteknu máli við dóminn þótt sæti einskis hæstaréttardómara sé autt vegna vanhæfis, leyfis eða forfalla.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2013.

Ákvæði 46. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga þessara, fellur úr gildi 31. desember 2015.

Innleiðingar.

Gerðir Evrópusambandsins sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn (EES-gerðir) eru gjarnan innleiddar með nýjum heildarlögum eða með breytingalögum. Í stofnlögum eru innleiðingargreinarnar hafðar næst á undan gildistökgrein; breytingalög kveða á um að slíkar greinar komi á þann stað í stofnlögunum. Þó kemur fyrir að innleiðingargreinin er sett í breytingalögin sjálf, og þá á undan gildistökgrein þeirra laga; hún sést þá ekki í stofnlögunum en upplýsingar um innleiðinguna koma þá fram í „breytingasögu“ laganna, fremst, í lagasafninu. Þau sjónarmið hafa komið fram að þetta sé óæskilegt og „ógagnsætt“ og að betra sé að breyta gildandi innleiðingargrein með breytingalögum; hún er þá tekin upp í heild eða við hana bætt nýjum liðum.

Innleiðingargrein bætt við stofnlög:

Úr lögum nr. 34/2013:

6. gr.

Á eftir 14. gr. laganna kemur ný grein, 14. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Innleiðing á tilskipun.

Með lögum þessum er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/104/EB um starfsmannaleigur, sem vísað er til í 32. lið k XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahags-svæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2012.

Bætt við innleiðingargrein í stofnlögum:
--

Úr lögum nr. 49/2013:

2. gr.

Við 32. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Einnig eru innleidd ákvæði ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/485/ESB um hæfi lögbærra yfirvalda í Ástralíu og Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og ákvæði ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/30/ESB um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki í tilteknum þriðju löndum og umbreytingartímabil vegna endurskoðunarstarfsemi endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja í Evrópusambandinu sem eru frá tilteknum þriðju löndum, eins og þær voru teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2011 og 32/2012.

Gildandi innleiðingargrein breytt:

Úr lögum nr. 12/2013:

16. gr.

72. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS). Tilskipun 2007/16/EB var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007 sem birt var 21. febrúar 2008 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9/2008. Tilskipun 2009/65/EB var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2010 sem birt var 3. mars 2011 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12/2011.

Ákvæði í EES-gerð innleidd með bandormi sem breytir tvennum lögum; innleiðingargreinin er í breytingalögum og sést þá ekki í stofnlögum (nú þykir betra að bæta greininni við hvor lögin um sig):

Úr lögum nr. 43/2011:

10. gr.

Innleiðing á reglugerð.

Lög þessi fela í sér innleiðingu ákvæða í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

11. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Reglugerðir settar samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við ákvæði þessara laga.

Innleiðingargreinin er í breytingalögum, sést ekki í stofnlögum, verra, mjög sjaldgæft í seinni tíð, sbr. bls. 90:

Úr lögum nr. 58/2011:

21. gr.

Viðauki I við lögin fellur brott.

22. gr.

Innleiðing.

Með lögum þessum er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og breytingu á tilskipun 2004/35/EB og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE sem vísað er til í XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2009 frá 5. febrúar 2009, svo og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma sem vísað er til í II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2007 frá 26. október 2007.

23. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skal 2. mgr. d-liðar 10. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 2012.

24. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

...

Úr lögum nr. 20/2013:

3. gr.

Með lögum þessum er ráðherra veitt heimild til að innleiða ákvæði tilskipunar ráðsins 90/167/EBE frá 26. mars 1990 um skilyrði sem hafa áhrif á blöndun, markaðssetningu og notkun lyfjablandaðs fóðurs í bandalaginu sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 26. október 2007.

Úr lögum nr. 80/2010:

5. gr.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB frá 11. febrúar 2004 um að auka samvinnslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum og um breytingu á tilskipun 92/42/EBE, að því er varðar upprunaábyrgðir vegna samvinnslu raf- og varmaorku í aflstöðvum öðrum en jarðvarma-virkjunum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sértæk dæmi.

Úr lögum nr. 42/2012:

10. gr.

A-tollur tollskrárnúmersins 8527.1303 í viðauka I við löggin verður 0%.

Úr lögum nr. 85/2012:

26. gr.

82. gr. laganna, um útvarp umræðu, flyst og kemur á eftir 59. gr. í lok kaflans „Eftirlitsstörf Alþingis og almennar umræður“. Jafnframt fellur brott fyrir sögn og númer VII. kafla og breytast númer annarra kafla laganna samkvæmt því.

Úr lögum nr. 43/2012:

Lög um brottfall ýmissa laga á sviði fræðslumála (úrelt lög).

1. gr.

Lög um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, nr. 38/1965, með síðari breytingum, falla brott.

2. gr.

Lög um Leiklistarskóla Íslands, nr. 37/1975, með síðari breytingum, falla brott.

3. gr.

Lög um landgræðslustörf skólafólks, nr. 58/1974, með síðari breytingum, falla brott.

4. gr.

Lög um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, nr. 112/1976, með síðari breytingum, falla brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Úr lögum nr. 46/2020:

1. gr.

Eftirtalin lög eru felld úr gildi:

1. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga inn í viðbótarsamning við myntsamning Norðurlanda, nr. 4/1926.
2. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa nokkrar jarðir og afnotarétt jarða í Ölfusi, nr. 104/1940.
3. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar sf., nr. 24/1946.
4. Lög um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga o.fl., nr. 50/1948.
5. Lög um skattfrelsi vinninga o.fl. varðandi happdrættislán ríkissjóðs, nr. 83/1948.
6. Lög um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, nr. 100/1948.
7. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á móti og ráðstafa framlögum samkvæmt áætlun um fjárhagslega viðreisn Evrópu, nr. 47/1949.
8. Lög um framlengingu á heimild ríkisstjórnarinnar til að nota allt að fjórum milljónum dollara af yfirdrátarheimild Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu, nr. 6/1953.
9. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vatnsveituframkvæmda í Vestmannaeyjum, nr. 57/1963.
10. Lög um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, nr. 5/1968.

...

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Úr lögum nr. 139/2012:

1. gr.

Í upphafi III. kafla laganna kemur ný grein, 8. gr., svohljóðandi:

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldabörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

2. gr.

8. gr. laganna verður 8. gr. a.

3. gr.

Í stað tilvísunarinnar „8. gr.“ í a- og b-lið 10. gr., c-, d- og e-lið 11. gr., 2. mgr. 12. gr., 1. mgr. 13. gr. og 1. og 2. mgr. 13. gr. a laganna kemur: 8. gr. a.

Smávægilegum breytingum á nokkrum lögum má skipa í eina grein sem skiptist í töluliði, einn fyrir hver einstök lög; slíkar breytingar falla þá ekki undir bandormna, eru gjarnan notaðar fyrir afleiðingarbreytingar, aftast í grunnbreytinga-lagafrumvarpi sem hefur slík áhrif á önnur lög. Sú grein kemur þá á eftir gildis-tökugrein, oft með fyrirsögninni *Breytingar á öðrum lögum*.

Úr lögum nr. 58/2011:

23. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skal 2. mgr. d-liðar 10. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 2012.

24. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum:*
 - a. 7. gr. laganna fellur brott.
 - b. Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
 - a. Orðin „einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum, sbr. viðauka III“ í 1. tölul. 1. mgr. falla brott.
 - b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma bera ábyrgð á þeim rafhlöðum og rafgeymum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn og falla undir viðauka X og XI. Í ábyrgð framleiðenda og innflytjenda felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun á rafhlöðum og rafgeymum að frátalinni söfnun til söfnunarstöðva sveitarfélaga og verslana. Framleiðendur og innflytjendur uppfylla skyldur sínar með því að vörurnar beri úrvinnslugjald.
 - c. 1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar sex manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar. Fimm meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu eftirfarandi aðila: einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn sem Samtök iðnaðarins tilnefna, einn sem SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu tilnefna, einn sem Félag atvinnurekenda tilnefnir og einn sem Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir. Varaformaður sem ráðherra skipar, eftir tilnefningu stjórnar, skal koma úr hópi stjórnarmanna. Þurfi atkvæðagreiðslu um afgreiðslu mála ræður atkvæði formanns úrslitum falli atkvæði jöfn.
 - d. Ákvæði til bráðabirgða I–III í lögnum falla brott.
 - e. Viðauki III við lögin, Einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum, fellur brott.
2. *Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum:*

Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjali I við lögin:

 - a. 12. tölul. orðast svo: Förgunarstaðir fyrir úrgang.
 - b. 13. tölul. orðast svo: Meðhöndlun og förgun spilliefna, þ.m.t. staðir fyrir námuúrgang.

3. *Lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum:* 4. gr. laganna orðast svo:

Í reglugerð sem umhverfisráðherra setur skal kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, m.a. um fjárhæð, innheimtu og endurgreiðslu skilagjaldsins, gerð og efnisval skilagjaldsskyldra umbúða fyrir drykkjarvörur og upphæð umsýsluþóknunar. Við ákvörðun umsýsluþóknunar skal við það miðað að félagið geti staðið undir kostnaði við starfseminna og skilað hluthöfum hóflegum arði af hlutafé.

Umhverfisráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um bann við notkun og sölu einnota drykkjarvöruumbúða sem ekki er unnt eða torvelt er að endurnota eða endurnýta, kröfur um meðhöndlun notaðra drykkjarvöruumbúða og móttökuskilyrði, ákvæði um skyldu framleiðenda og innflytjenda til að merkja drykkjarvöruumbúðir, m.a. með strikamerkingum, lágmarksmarkmið um endurheimt drykkjarvöruumbúða, endurnýtingu og endurnotkun þeirra, sem félaginu ber að ná árlega, svo og um hlutverk Umhverfisstofnunar við að hafa eftirlit með því að sett markmið náist.

Dæmi um breytta fyrisögn á undan grein:

Úr lögum nr. 6/2013:

14. gr.

...

2. *Hjúskaparlög, nr. 31/1993, með síðari breytingum.*

a. Á eftir orðunum „forstöðumanni skráðs trúfélags“ í 16. gr. laganna kemur: eða lífsskoðunarfélags eða fyrir einstaklingi sem starfar í umboði forstöðumanns skráðs trúfélags eða lífsskoðunarfélags.

b. 1. og 2. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Kirkjulega hjónavígslu annast prestar þjóðkirkjunnar og prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga hér á landi. Hjónavígslu, sem er ekki kirkjuleg eða borgaraleg, annast forstöðumenn skráðra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga hér á landi. Prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga eða lífsskoðunarfélaga skulu hafa fengið löggildingu ráðuneytisins.

Þá er þeim einstaklingum sem starfa í umboði forstöðumanna skráðra trúfélaga eða lífsskoðunarfélaga og fengið hafa löggildingu ráðuneytisins og uppfylla skilyrði 7. gr. laga um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög einnig heimilt að annast hjónavígslu.

c. Fyrisögn á undan 17. gr. laganna orðast svo: 2. *Prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga.*

...

Dæmi um breyttan inngangsmálslið málgreinar:*Úr lögum nr. 160/2012:*

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 87. gr. laganna:

- a. Inngangsmálsliður 2. mgr. orðast svo: Nefndin skal gera tillögur til ráðherra um eftirgreind atriði.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Öllum þeim sem búa yfir upplýsingum sem að framan greinir ber skylda til að veita nefndinni upplýsingar sé þess óskað.
- c. Við bætist ný málgrein, svohljóðandi:
 Áður en nefndin gerir tillögur skv. 2. mgr. skal hún senda Bændasamtökum Íslands, Félagi atvinnurekenda, Samtökum verslunar og þjónustu og Neytendasamtökunum drög að tillögunum. Tillögudrögunum skal fylgja stuttur rökstuðningur. Nefndinni er heimilt að gera tillögurnar fjórum dögum síðar hafi henni ekki borist yfirlýsingar studdar gögnum þar sem leitt er í ljós að tillögur nefndarinnar séu byggðar á röngum eða misvísandi upplýsingum.

Eftirfarandi dæmi sýnir ákveðna útsjónarsemi hvað varðar númeraröð greinanna:*Úr lögum nr. 39/1992:*

14. gr.

Í stað 61.–81. gr. laganna (VII. kafli, **Um réttarfar í hjúskaparmálum o.fl.**) koma tíu nýjar greinar er orðast svo:

a. (61. gr.)

Hjúskaparmál samkvæmt þessum kafla eru eftirfarandi dómsmál:

1. Mál sem höfðuð eru til ógildingar hjúskap.
2. Mál sem höfðuð eru til hjónaskilnaðar.
- ...

b. (62. gr.)

Hjúskaparmál má höfða hér á landi í eftirfarandi tilvikum:

1. Ef stefndi er búsettur hér á landi.
2. Ef stefnandi er hér búsettur og hefur verið það sl. tvö ár eða búið hér áður svo langan tíma.
- ...

Mál til ógildingar hjúskap má höfða hér á landi ef hjónavígslan hefur farið fram hér.

Ákvæði milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að, skulu þó ganga framur ákvæðum þessarar greinar.

... (o.s.frv.)

Á eftir þessu kom svo nýr kafli með tíu greinum og ein ný grein þannig að röð greina riðlaðist ekki, snjallt.